




Samband íslenskra sveitarfélaga

**ÁRSSKÝRSLA**

**2014**





Samband íslenskra sveitarfélaga

**ÁRSSKÝRSLA**

**2014**

Ársskýrsla 2014

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2015/12

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ljósmyndir: Magnús Karel Hannesson,  
Valur Rafn Halldórsson og  
Ingibjörg Hinriksdóttir.

Forsíðumynd: Hátíð í bæ - Magnús Jochum Pálsson ©

Prentun: Prentsmiðjan Oddi



## Ávarp formanns



Ágæti lesandi!

Hér hefur þú ársskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2014 til lestrar. Skýrslan er liður í mikilli og vandaðri upplýsingagjöf starfsfólks og stjórnar sambandsins til sveitarstjórnarmanna um allt land, sem og þeirra sem eiga í samskiptum við sveitarstjórnarstigið.

Vönduð stefnumótunarvinna á landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga með þátttöku sveitarstjórnarmanna frá öllum sveitarfélögum landsins varðar leiðina fyrir okkur í stjórn sambandsins, sem og starfsfólk okkar sem á heiðurinn af því að halda utan um alla þessa vinnu og gera hana aðgengilega. Á þeim landsþingum sem haldin eru að hausti að loknum sveitarstjórnarkosningum á fjögurra ára fresti eru lagðar meginlínur í stefnumótuninni til næstu fjögurra ára. Á landsþingum þar á eftir er stefnan nánar útfærð og stjórn sambandsins samþykkir síðan nánari aðgerðaáætlun sem stjórn og starfsmenn sambandsins vinna eftir. Ársskýrslan færir okkur svo upplýsingar um hvernig hefur gengið að framfylgja stefnunni.

Í upplýsingasamfélaginu er í raun offramboð af upplýsingum og þess vegna er það bæði flókið og vandasamt að koma þeim á framfæri. Við hjá sambandinu gerum það með fjölbreyttum hætti – með þessari skýrslu, ásamt skólaskýrslu, félagsþjónustuskýrslu, Árbók sveitarfélaga, tímaritinu Sveitarstjórnarmálum og vefritinu Tíðindum af vettvangi sambandsins, svo nokkur dæmi séu nefnd. Auk þess er vefurinn samband.is mikið notaður, enda mikið magn upplýsinga þar, og svo er sambandið líka á facebook.com. Endilega nýtið ykkur upplýsingagjöfina eins og þið mögulega getið.

Bestu þakkir til ykkar allra fyrir samstarfið á liðnu ári.

*Halldór Halldórsson formaður*



## Inngangur



Hlutverk og verkefni sambandsins eru fjölþætt og krefjandi. Þau endurspeglast í þeim flóknu og viðamiklu viðfangsefnum sem sveitarfélögin sinna. Vilji sveitarfélaga til að gera betur í dag en í gær er sá drifkraftur þróunar sem kallar á stöðuga endurskoðun verkferla og nánari útfærslu þeirra þjónustuverkefna sem sveitarfélögin sinna. Markmiðið að nýta

stöðugt betur og betur það fjármagn sem sveitarfélögin hafa til ráðstöfunar til að standa undir kostnaði við þjónustu við íbúana er það sterka leiðaljós sem sveitarstjórnarmenn láta lýsa sér veginn í störfum sínum. Sambandið er svo sá stuðnings- og samferðaraðili sem ávallt er reiðibúinn að vera með í för.

Starfsmenn sambandsins eru vel meðvitaðir um þessa þróun og reyna af fremsta megni að aðstoða sveitarfélögin í þessari jákvæðu viðleitni. Þjónustuhlutverk sambandsins er mikið. Starfsmennirnir eru þjónar sveitarfélaganna. Unnið er á grundvelli þeirrar ítarlegu stefnumörkunar sem sveitarstjórnarmenn á landsþingum sambandsins móta. Gerðar eru starfsáætlanir á hverju ári þar sem leitast er við að skilgreina vel þau verkefni sem unnið er að á árinu. Sum eru fyrir séð en önnur verða til vegna áherslna ríkisstjórna, ráðuneyta og þings. Oft þarf að bregðast hratt og markvisst við, bæði í vörn og sókn.

Í þessari ársskýrslu er fjallað um helstu verkefni sem unnið var að á árinu 2014. Þau eru byggð á starfsáætlun ársins sem lögð er fram í upphafi hvers árs.

Meðal þeirra fjölmörgu verkefna sem unnið var að á árinu 2014 má nefna undirbúning og framkvæmd XXVIII. landsþings sambandsins í september, vinnu við fjárhagslegt endurmat á þjónustu við fatlað fólk, kjarasamningaviðræður við fjölmörg stéttarfélög starfsmanna sveitarfélaga og nýtt vinnumat kennara.

Fyrir hönd starfsmanna sambandsins þakka ég sveitarstjórnarmönnum fyrir ánægjuleg samskipti á síðasta ári. Það er mikilvægt að gagnvirk samskipti milli starfsmanna sambandsins, sveitarfélaga og kjörinna fulltrúa séu mikil. Þannig getum við hjá sambandinu skynjað vel þá þjónustubörf sem til verður hjá sveitarfélögunum og reynt eins og kostur er að sinna henni, þannig að til farsældar og framfara horfi.

*Karl Björnsson framkvæmdastjóri*

## Helstu verkefni ársins 2014

### Landsþing

XXVIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldið á Akureyri dagana 24.–26. september 2014. Yfirskrift landsþingsins að þessu sinni var Áskoranir í bráð og lengd og meginviðfangsefni þess var vinna landsþingsfulltrúa að stefnumótun sambandsins fyrir kjörtímabilið 2014–2018.

Öll sveitarfélögin 74 eru aðilar að sambandinu og á 151 fulltrúi þeirra seturétt á landsþingum á yfirstandandi kjörtímabili.

Til þings voru mættir 139 fulltrúar frá 69 sveitarfélögum og aðrir þingfulltrúar með málfrelsi og tillögurétti voru 63. Alls voru þingfulltrúar því 202, auk 14 gesta og 19 starfsmanna sambandsins.

Formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, kom víða við í setningarræðu landsþingsins. Hann nefndi í upphafi ræðu sinnar mikilvægi þess að vandað væri til stefnumörkunar sveitarstjórnarstigsins. Hann sagði m.a.:

*„Í upphafi nýs kjörtímabils er það eitt af meginverkefnum sveitarstjórnarmanna að hyggja að framtíðinni og leggja niður fyrir sér hvernig þeir sjá þróun sveitarstjórnarstigsins og með hvaða hætti á að styrkja og efla þjónustuna við íbúana næstu fjögur árin. Sveitarfélögin hafa kjörið fulltrúa sína, ykkur, til þess að sækja þetta landsþing þar sem stefnumótunarvinnan fer fram og línur eru lagðar um ákvarðanatöku stjórnar sambandsins og vinnu starfsmanna þess á kjörtímabilinu.“*

*Það er afar mikilvægt fyrir sveitarstjórnarstigið í landinu, vöxt þess og viðgang, að stefnumörkun þess sé vönduð og skýr. Um hana þarf einnig að ríkja sem breiðust samstaða. [...] Skýr stefnumörkun sem margir sveitarstjórnarmenn hafa tekið þátt í að móta mun því styrkja og efla sveitarstjórnarstigið og færa okkur nauðsynleg verkfæri í samskiptum við hitt stjórnsýslustigið í landinu – ríkisvaldið.“*

Formaður sambandsins fjallaði í ræðu sinni um lýðræði og kosningar, fjárhagsstöðu sveitarfélaga, frumvarp til laga um opinber fjármál, húsnæðismál, atvinnuleysi og fjárhagsaðstoð, ferðaþjónustu sem sívaxandi atvinnugrein og ýmis fleiri mál sem sveitarfélögin hafa til úrlausnar á hverjum tíma. Hann ræddi um eflingu sveitarstjórnarstigsins og sagði:

*„Ég tel að við eigum áfram að stefna að sameiningu og eflingu sveitarfélaga. Við þurfum stórar og sterkar einingar á sveitarstjórnarstiginu. Þjónustukrafan eykst stöðugt af hálfu íbúa og við þurfum að nýta skattfé betur. Það getum við t.d. með því að draga úr kostnaði við yfirstjórn, sem gerist við sameiningar sveitarfélaga, og veitt þeim sparnaðarávinningi, t.d. inn í velferðar- og fræðslumálin. Það er staðreynd að stærðarhagkvæmni í rekstri á að geta átt sér stað ef rétt er á málum haldið. Í stærri sveitarfélögum er hægt að hafa fjölbreyttari faglega þjónustu á mörgum sviðum á grundvelli fjölbreytts og vel menntaðs starfsfólks með sérfræðikunn-áttu. Slíkt á einnig að tryggja jafnræði til aðgengis að góðri þjónustu á stærri svæðum, en ef mörg minni sveitarfélög eiga í hlut. Í nágrannalöndum okkar mörgum hafa þing og ríkisstjórnir sterkar skoðanir á sveitarstjórnarstiginu og dæmi eru um að stórar*

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra flutti ávarp við upphaf XXVIII. landsþings á Akureyri





sveitarfélagasameiningar hafa verið knúnar í gegn af þeirra hálfu. Hér á landi njótum við þeirrar gæfu að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga er almennt virtur af þessum aðilum.

*Það setur enn meiri ábyrgð á okkur sveitarstjórnarmenn að huga að því hvernig við sjálf af fúsum og frjálsum vilja getum styrkt sveitarstjórnarstigið og hækkað þjónustustigið, án þess að auka við skattheimtu og helst dregið úr henni.“*

Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, ávarpaði þingið og þau Stefán Hrafn Jónsson, dósent við HÍ, og Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri ALTA ehf., fluttu erindi um framtíðarúrlausnarefni sveitarfélaganna. Erindi Stefáns bar heitið *Velferðin í öndvegi: Áskoranir sveitarfélaga í lýðfræðilegu ljósi* og erindi Halldóru *Tengsl manna og umhverfis: Að búa í haginn á tímum breytinga*.

Þingfulltrúum var síðan skipt upp í fjóra umræðuhópa sem ræddu hver og einn afmarkaða þætti stefnumörkunar sambandsins til næstu fjögurra ára.

Síðasta verkefni landsþingsins var að kjósa formann og stjórn sambandsins kjörtímabilið 2014–2018.

Á heimasíðu sambandsins [www.samband.is](http://www.samband.is) er hægt að nálgast dagskrá landsþingsins og þær ræður og erindi sem flutt voru á þinginu.

## Stefnumörkun sambandsins

Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014–2018 var mótuð á XXVIII. landsþingi sambandsins sem haldið var á Akureyri 24. til 26. september 2014. Á landsþinginu störfuðu fjórir umræðuhópar sem hver hafði einn hinna fjögurra undirkafla stefnumörkunarinnar til umfjöllunar. Voru umræður landsþingsfulltrúa byggðar á stefnumótunarskjali sem starfsmenn sambandsins höfðu tekið saman á grundvelli stefnumörkunar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011–2014.

Á landsþinginu var samþykkt að vísa stefnumörkuninni til endanlegrar umfjöllunar og afgreiðslu hjá stjórn sambandsins. Stjórnin ræddi stefnumörkunina á tveimur fundum og samþykkti hana á fundi 21. nóvember 2014.

Stefnumörkun sambandsins nær til flestra meginþátta í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga og mun nýttast sem sterk leiðsögn við ákvarðanatöku stjórnar og vinnu starfsmanna sambandsins næstu fjögur ár og jafnframt fyrir þá fulltrúa sem tilnefndir eru á vegum sambandsins í nefndir, ráð og stjórnir.

Meginflokkar stefnumörkunarinnar eru:

1. Meginmarkmið og leiðarljós
2. Hlutverk sambandsins
3. Undirmarkmið og leiðir:
  - 3.1 Sveitarfélögin inn á við og út á við

Sveitarfélögin og sveitarstjórnarstigið; samskipti ríkis og sveitarfélaga; lýðræði og kosningalöggjöfin; byggðamál og svæðasamvinna sveitarfélaga; alþjóðamál.

Vetrardagur í Grímsnesi



### 3.2 Traustur grundvöllur

Fjármál og tekjustofnar sveitarfélaga; Jöfnunarsjóður sveitarfélaga; efnahagssamráð og kostnaðarmat; upplýsingagjöf sveitarfélaga; atvinnumál; vinnumarkaðsmál.

### 3.3 Velferðin í öndvegi

Fræðslu- og uppeldismál; félagsþjónusta; jafnréttis- og mannréttindamál; húsnæðismál; æskulýðs- og íþróttamál.

### 3.4 Tengsl manna og umhverfis

Skipulags- og byggingarmál; sjálfbær þróun og umhverfismál; samgöngur og fjarskipti; brunamál og almannavarnir.

Stefnumörkunin er aðgengileg á vef sambandsins [www.samband.is](http://www.samband.is).

## Stjórn sambandsins

Samkvæmt samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2010 skal kjósa 11 manna stjórn sambandsins á næsta landsþingi að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtímabil stjórnarinnar fjögur ár. Í samþykktunum segir jafnframt að stjórn sambandsins skuli að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa sex manna kjörnefnd til að gera tillögur til landsþings um kjör stjórnar, stjórnarformanns og skoðunarmanna.

Í kjörnefnd 2014 voru kosin Áslaug Friðriksdóttir formaður, Björk Vilhelmsdóttir, Theodóra S. Þorsteinsdóttir, Kristinn Jónasson, Óli Halldórsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Kjörnefndin lagði fram á landsþinginu á Akureyri tillögur sínar um formann og stjórn sambandsins og skoðunar-

menn rúmlega sólarhring áður en kosning stjórnar átti að fara fram. Tillaga kjörnefndar var samþykkt samljóða.

Í stjórn sambandsins kjörtímabilið 2014–2018 voru kjörin:

*Reykjavíkurdæmi: Halldór Halldórsson, Björk Vilhelmsdóttir og Sigurður Björn Blöndal.*

*Suðvesturdæmi: Gunnar Einarsson Garðabæ og Gunnar Axel Axelsson Hafnarfjarðarkaupstað.*

*Norðvesturdæmi: Jónína Erna Arnardóttir Borgarbyggð og Halla Sigríður Steinólfsdóttir Dalabyggð.*

*Norðausturdæmi: Gunnhildur Ingvarsdóttir Fljótsdalshéraði og Eiríkur Björn Björgvinsson Akureyrarkaupstað.*

*Suðurdæmi: Aldís Hafsteinsdóttir Hveragerðisbæ og Ísólfur Gylfi Pálmason Rangárþingi eystra.*

Formaður stjórnar sambandsins var kjörinn Halldór Halldórsson, en þetta er þriðja kjörtímabil hans sem formaður sambandsins.

Haldnir voru 12 stjórnarfundir á árinu. Einn fundur var haldinn á Akureyri í tengslum við landsþing sambandsins.

Þá hélt stjórnin einn fund að auki með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Nýkjörin stjórn sambandsins kom saman til fyrsta fundar 8. október 2014. Varformaður sambandsins var kjörin Halla Sigríður Steinólfsdóttir, sveitarstjórnarmaður í Dalabyggð.

## Sveitarstjórnarkosningar 2014

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram laugardaginn 31. maí 2014 og þá voru kjörnir 504 sveitastjórnarmenn í 74 sveitarfélögum til setu í sveitarstjórnnum kjörtímabilið 2014 til 2018. Sveitarfélögum hafði fækkað um tvö frá

*Ný stjórn sambandsins kom saman til fyrsta fundar í höfuðstöðvunum í Borgartúni í október*



kosningunum 2010 vegna sameiningar sveitarfélaga á kjörtímabilinu. Sjálfkjörið var í þremur sveitarfélögum - Vesturbyggð, Tjörneshreppi og Skútustaðahreppi.

Kosningabátttaka í því 71 sveitarfélagi þar sem kosning fór fram var 66,5% og er það allra minnsta kosninga-bátttaka á 40 ára tímabili frá 1974, en það ár var kjörsóknin 87,8%. Við kosningarnar 2010 var kjörsókn 73,5% eða 7,0 prósentustigi hærrí en 2014. Kosningabátttaka 2014 var 21,3 prósentustigum lægri en 1974.

Kosningabátttaka var mest í Eyja- og Miklaholtshreppi eða 95,2%, í Mýrdalshreppi 92,4% og í Sveitarfélaginu Skagaströnd 91,9%. Minnst var kosningabátttakan í Breiðdalshreppi 56,6%, í Dalabyggð 58,1% og í Hafnarfjarðarkaupstað 60,6%. Það voru því 35,8 prósentustig sem skildu milli þeirra sveitarfélaga þar sem kosningabátttaka var mest og minnst.

Af þeim 504 sveitarstjórnarmönnum sem kjörnir voru vorið 2014 voru 393 kjörnir með bundinni hlutfalls-kosningu (listakosningu) í 53 sveitarfélögum, 94 voru kjörnir óbundinni kosningu (persónukosningu) í 18 sveitarfélögum og 17 voru sjálfkjörnir í þremur sveitarfélögum þar sem aðeins einn listi kom fram fyrir lok framboðsfrests.

Konur í sveitarstjórnnum eru nú 222 eða 44,0%, en þær voru 39,8% eftir kosningarnar 2010. Í einni sveitarstjórn situr engin kona. Í einni sveitarstjórn eru fjórar konur og einn karl og í fjórum sveitarstjórnnum sitja fimm konur og tveir karlar. Í 18 sveitarstjórnnum sitja fleiri konur en karlar, en konur voru í meirihluta í 16 sveitarstjórnnum eftir kosningarnar árið 2010.

Elsti sveitarstjórnarmaðurinn sem kjörinn var í kosningunum 2014 var tæplega 69 ára gamall og sá yngsti

tæplega 21 árs. Meðalaldur sveitarstjórnarmanna við kosningarnar 2014 var 46 ár.

Mikil endurnýjun átti sér stað í sveitarstjórnnum eftir kosningarnar. Sveitarstjórnarmenn, sem ekki sátu sem aðal-menn á kjörtímabilinu 2010–2014, eru 274 eða 54,4% sveitarstjórnarmanna. Árið 2010 var hlutfall „nýrra“ sveitarstjórnarmanna 57,4% og árið 2006 var hlutfallið 55,0%.

Í 10 sveitarfélögum er ekki ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri heldur gegnir oddviti viðkomandi sveitarfélags framkvæmdastjórn þess. Af þessum 10 oddvitum eru átta karlar og tvær konur. Í 64 sveitarfélögum eru ráðnir sérstakir framkvæmdastjórar. Af þessum 64 einstaklingum eru 33 titlaðir sveitarstjórar, 29 bæjarstjórar, einn borgarstjóri og einn framkvæmdastjóri. Stöðunum gegna 48 karlar og 16 konur. Í heild gegna því 56 karlar framkvæmdastjórstöðum í sveitarfélögnum og 18 konur á nýbyrjuðu kjörtímabili 2014–2018.

Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar stóð sambandið að gerð myndbands, sem sýnt var á YouTube, þar sem höfðað var til yngri kjósenda og þeir hvattir til að kjósa. Ekki er vitað hvort þetta átak sambandsins skilaði einhverjum árangri, en myndbandið hefur verið skoðað u.þ.b. 3.100 sinnum.

Sambandið stóð einnig, ásamt innanríkisráðuneytinu, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, að rannsókn á ástæðum fyrir minnkandi kjörsókn í sveitarstjórnarkosningunum. Skýrsla um rannsóknina, sem ber heitið: *Sveitarstjórnarkosningar 2014: Hverjar eru ástæður dræmrar kjörsóknar?*, var kynnt í lok október.

Í skýrslunni eru birtar fjölmargar töflur um niðurstöður einstakra þátta, bæði um svarendur, svo sem um kyn, menntun, tekjur og síðan um afstöðu til kosningabátttöku

*Kosið var til sveitarstjórna á árinu 2014*





og ástæður fyrir því að ekki var kosið. Skýrsluna er hægt að nálgast á vef sambandsins [www.samband.is](http://www.samband.is).

## Samskipti ríkis og sveitarfélaga

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er kveðið á um samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga sem skal funda að lágmarki einu sinni á ári. Fast sæti á fundum samstarfsráðsins eiga innanríkisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Aðrir ráðherrar sitja fundi samstarfsráðsins eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Þá hafa nokkrir stjórnarmenn í sambandinu setið samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga, framkvæmdastjóri og sviðsstjórar sambandsins og starfsmenn stjórnarráðsins. Ekki var boðað til fundar í samstarfsráðinu á árinu 2014 og síðasti fundur þess var haldinn 7. desember 2012. Engar skýringar eru tiltækar á þessum drætti á boðun fundar í ráðinu.

Svokölluð Jónsmessunefnd, eða samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, kom saman til fimm funda árinu 2014. Framkvæmdastjórn nefndarinnar var á árinu í höndum framkvæmdastjóra sambandsins og voru allir fundir nefndarinnar haldnir í húsakynnum sambandsins.

Í nefndinni eiga sæti ráðuneytisstjórar innanríkisráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins og þrjú fulltrúar tilnefndir af stjórn sambandsins. Af hálfu sambandsins eiga sæti í nefndinni Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins. Samstarfsnefndin starfar í umboði samstarfsráðs ríkis og sveitarfélaga og er vettvangur fyrir reglulega umfjöllun um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga.

Á fundum Jónsmessunefndar voru ýmis mál tekin til umræðu. Má þar nefna frumvarp til laga um opinber fjármál og áhrif nýrra fjármálaviðmiða fyrir A-hluta ríkissjóðs og sveitarfélaga, fjármálareglur sveitarfélaga, sóknaráætlanir landshluta, stöðu lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila og nýtt fasteignamat atvinnuhúsnæðis, svo fátt eitt sé nefnt.

Fulltrúar sambandsins sóttu marga fundi þingnefnda Alþingis í tengslum við umfjöllun um lagafrumvörp sem voru til afgreiðslu á Alþingi.

## Fjármál sveitarfélaga

Niðurstöður úr útkomuspá sveitarfélaganna fyrir árið 2014 leiða í ljós að fjárhagsstaða þeirra var almennt í góðu horfi á árinu. Þannig varð áframhald á þeirri þróun sem staðið hefur yfir undanfarin ár. Það á bæði við um rekstur þeirra, efnahag og sjóðstreymi. Þó má segja að líkur benda til að afkoman á árinu 2014 verði heldur lakari en árið þar áður. Þar koma m.a. til áhrif kjarasamninga sem gerðir voru á miðju ári.

Sveitarfélögin hafa almennt á stefnuskrá sinni að gera reksturinn skilvirkari, greiða niður skuldir og styrkja þannig fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins. Þau vinna markvisst eftir fjármálareglum sveitarstjórnarlaga, bæði hvað varðar jafnvægisreglu og skuldareglu. Þrátt fyrir að reynslan hafi sýnt að það megi lagfæra fjármálareglur sveitarstjórnarlaga þá hafa þær þegar haft veruleg áhrif á þann hátt að fjármálastjórn sveitarfélaga hefur styrkst og unnið er markvissar í þeim efnum hjá flestum sveitarfélaganna. Þau sveitarfélög sem hafa ekki enn náð settum markmiðum varðandi skuldareglu hafa sett upp aðgerðaáætlun í þeim efnum í samstarfi við Eftirlitsnefnd sveitarfélaga.

Velferðarnefnd Alþingis heimsótti sambandið á árinu





Með uppbyggingu og þróun á Upplýsingaveitu sveitarfélaga hefur náðst sá árangur að niðurstöður fjárhagsáætlana, bæði fyrir næsta ár og til næstu fjögurra ára, ásamt útkomuspá fyrir síðastliðið ár liggja fyrir mjög snemma á nýju ári. Það leiðir af sér að hægt er að greina frá bráðabirgðaniðurstöðum varðandi fjárhagsstöðu sveitarfélaganna ásamt útliti og horfum í þeim eignum til næstu ára mun fyrir en áður. Á sama hátt er mögulegt að greina ársfjórðungslega í grófum dráttum hvert stefnir í helstu útgjaldaliðum sveitarfélaganna.

Hag- og upplýsingasvið sambandsins annast margháttáða þjónustu við sveitarfélögin sem lýtur að fjármálum þeirra. Meginmarkmið þeirrar þjónustu er hægt að draga saman á eftirfarandi hátt:

1. Bæta og auka aðgengi að fjármálaglum og talnalegum upplýsingum sem varða sveitarfélögin.
2. Auka möguleika á fjölbættum fjárhags- og tölulegum samanburði milli einstakra sveitarfélaga og milli ára.
3. Vinna og koma á framfæri fræðsluefni sem tengist fjármálum sveitarfélaganna.
4. Vinna að þeim hagsmunum sveitarfélaganna sem tengjast fjármálum þeirra í samskiptum við ríkisvaldið, stofnanir þess og ýmis hagsmunasamtök.

Miklar upplýsingar varðandi fjármál sveitarfélaga og ýmsar tölulegar upplýsingar er að finna á vef sambandsins. Þær eru endurnýjaðar og uppfærðar eins fljótt og mögulegt er, til að sveitarfélögin og aðrir áhugasamir hafi aðgengi að því sem nýjast er hverju sinni á þessu sviði. Einnig er leitast við að hafa ákveðna þróunarvinnu í gangi varðandi framsetningu og úrvinnslu gagna þannig að aðgengi að margvíslegum niðurstöðum verði betra og úrlestur þeirra verði auðveldari.

Árbók sveitarfélaga, Skólaskýrslan og Félagsþjónustuskýrslan eru gefnar árlega út á haustmánuðum. Þær innihalda miklar fjárhagsupplýsingar og annað talnaefni sem varðar sveitarfélögin. Umræða er í gangi um að breyta útgáfuformi að hluta til á þann veg að upplýsingar sem birtast í skýrslunum verði settar jafnóðum á netið í stað þess að láta þær bíða eftir að vera prentaðar í skýrsluformi. Aukin áhersla hefur einnig verið lögð á að birta niðurstöður ýmis konar fagvinnu og úttekta í sérstökum fréttabréfum. Sérstakar skýrslur eru unnar upp úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga um fjárhagsstöðu þeirra í heild sinni og einstaka flokka sveitarfélaga. Einnig tekur hag- og upplýsingasvið þátt í starfi að ýmsum verkefnum sem ná þvert á svið innan sambandsins. Þessar skýrslur eru eingöngu birtar sem fréttabréf á vef sambandsins.

Birtingaráætlun var sett upp fyrir sviðið á árinu 2013. Þar er tiltekið á hvaða tíma ákveðin fastmótuð verkefni eru birt á vefnum. Þetta hefur mælst vel fyrir og verður þróað enn frekar með því sem reynsla byggist upp.

Undanfarin ár hafa verið teknar saman ýmsar upplýsingar fyrir sveitarfélögin vegna undirbúnings fjárhagsáætlanagerðar. Þær eru að stofni til annars vegar samantekt úr þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og hins vegar yfirlit um ýmis atriði sem tengjast uppsetningu og útfærslu fjárhagsáætlunar. Markmiðið er að stuðla að samræmingu ýmissa grunnforsenda milli sveitarfélaga og almennt að styrkja fjárhagsáætlanagerðina. Þessar upplýsingar eru sendar til sveitarfélaganna um leið og þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er birt í lok júní. Síðan eru ákveðnar upplýsingar sendar til sveitarfélaganna úr þjóðhagsspá hagstofunnar sem kemur út í byrjun nóvember.

Frá kjörstað í Kópavogi 2014



Unnið var með starfshópi á vegum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem hefur verið að skoða útfærslu á þegar fram komnum hugmyndum um endurskoðun á úthlutunarreglum sjóðsins. Verkefnið hefur reynst mun umfangsmeira og flóknara en ráð var fyrir gert í upphafi. Sérfræðingur sviðsins fór til Noregs ásamt fleirum í því skyni að kynna sér uppbyggingu jöfnunarkerfis norskra sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóri sambandsins hefur átt sæti í stýri- nefnd sem samdi frumvarp um opinber fjármál sem tilbúið er til framlagningar á Alþingi. Í frumvarpinu er m.a. fjallað um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir vel skipulögðum og formfastari samskiptum en áður í samvinnu aðila. Markmiðið er að stuðla að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Mótuð verður sameiginleg og heildstæð stefnumörkun um opinber fjármál. Stefnt er að því að auka skilning á tekjupörf og útgjaldaáformum beggja stjórnsýslustiganna m.t.t. þjónustuábyrgðar þeirra samkvæmt lögum. Fjalla á formlegan hátt um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Vonir eru bundnar við að þetta ákvæði þoki þeim málum í rétta átt þrátt fyrir að útfærslu þess sé ekki lokið.

Vinnuhópur með sex sveitarfélögum um „Best practice“ eða „Fyrirmynd að vinnulagi“ er varðar undirbúning fjárhagsáætlanagerðar og eftirfylgni hennar starfaði á árinu. Sveitarfélögin voru valin m.a. með hliðsjón af stærð og landfræðilegri legu. Þau eru: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Borgarbyggð, Ísafjarðarbær, Dalvíkurbyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður. Viðbrögð voru góð og tóku öll sveitarfélögin sem til var leitað þátt í verkefninu. Hugmyndafræði verkefnisins, markmið þess og tilgangur voru kynnt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í október 2013. Í framhaldi af ráðstefnunni var haldinn vinnufundur með

fyrirgreindum sveitarfélögum. Samskipti hafa síðan verið með rafrænum hætti. Bráðabirgðaniðurstöður verkefnisins voru kynntar á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í október 2014 og unnið er að lokafrágangi á skýrslu vinnuhópsins.

Á árinu var unnið að gagnaöflun um fyrirkomulag álagningar fasteignaskatts á virkjanamannvirki í öðrum norrænum ríkjum. Þau gögn eiga að nýtast í viðræðum við ríkisvaldið um afnám ýmissa undanþága á virkjunum hérlendis og mannvirkjum þeim tengdum.

Á árinu vann endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækið KPMG að úttekt á fjárhagslegri hlið yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk, bæði hvað varðar fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga svo og dreifingu fjármagns milli þjónustusvæða. Framkvæmdastjóri sambandsins kynnti niðurstöður verkefnisins á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna haustið 2014. Í ljós kom að þrátt fyrir að tekjur vegna verkefnisins hafi orðið meiri en áætlað var þá hefur kostnaður við það vaxið enn meir. Þó er misjafnt eftir þjónustusvæðum hvernig staða þeirra mála er. Á sumum svæðanna er afgangur af rekstri en á öðrum vantar verulega fjármuni til að reksturinn gangi upp. Viðræður standa yfir milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig á þessari stöðu verður tekið.

Á haustmánuðum hófust námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn víða um land og aðra sem koma að sveitarstjórnarmálum. Megináherslan var lögð á almenna yfirferð um störf og áherslur sveitarstjórnarmanna, málefni tengd hinni lögfræðilegu hlið svo og fjármál sveitarfélaga og gerð fjárhagsáætlana. Námskeiðin voru vel sótt og almenn ánægja með framkvæmd þeirra.

Gagna var aflað frá öðrum norrænum ríkjum varðandi framkvæmd og fjármálalega hlið Notendastýrðar

#### Málefni fatlaðs fólks var mikið í umræðunni á árinu 2014



persónulegrar aðstoðar - NPA sem munu nýttast vel við samningaviðræður við ríkisvaldið um áframhald þess verkefnis.

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins sótti einn fund erlendis á árinu. Það var fjármálaráðstefna dönsku sveitarfélaganna sem haldin var í Álaborg í janúar. Ársfundur hagdeilda norrænu sveitarfélagasambandanna var haldinn á Akureyri í lok ágúst. Skýrslur um þessa fundi voru birtar í sérstökum fréttabréfum sem er að finna á vef sambandsins. Mikilvægt er fyrir sambandið að vera í góðu sambandi við norræn systursambönd til að læra af þeim og nýta sér reynslu þeirra á mörgum sviðum.

## Kjaramál

Árið 2014 voru nær allir kjarasamningar sem sambandið hefur gert fyrir hönd sveitarfélaganna lausir og stóðu kjarasamningaviðræður nánast allt árið. Á árinu var lokið við gerð 46 kjarasamninga við 65 af 66 stéttarfélögum starfsmanna sveitarfélaga.

Þann 30. mars undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og 12 aðildarféлага Bandalags háskólamanna samkomulag um breytingu og framlengingu á kjarasamningum aðila. Kjarasamningar félaganna gilda frá 1. mars 2014 til 31. ágúst 2015, að undanskildum samningi við Ljósmæðrafélag Íslands, sem felldi sinn samning í atkvæðagreiðslu, en samningur félagsins gildir frá 1. apríl 2014 til 31. ágúst 2015.

Þann 20. maí 2014 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara, samkomulag um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila. Samningurinn gildir frá 1. maí 2014 til 31. desember 2016.

Þann 10. júní 2014 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands, samkomulag um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila. Með samkomulaginu framlengist kjarasamningur aðila frá 1. maí 2014 til 31. maí 2015.

Þann 10. júní var undirritaður kjarasamningur við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, eftir að félagið hafði felld samning sinn í atkvæðagreiðslu. Gildistími samningsins við hjúkrunarfræðinga er frá 1. apríl 2014 til 31. ágúst 2015.

Þann 16. júní 2014 undirrituðu samninganefndir sambandsins og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara, samkomulag um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila. Gildistími samningsins er frá 1. júní 2014 til 31. maí 2015.

Þann 20. júní voru undirritaðir kjarasamningar við Stéttarfélag verkfræðinga, Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélag byggingafræðinga, en gildistími þeirra samninga er frá 1. mars 2014 til 31. ágúst 2015.

Kjaraviðræður við 40 stéttarfélög innan ASÍ og BSRB, sem samið hafa um starfsmat, fóru fram í júnímánuði. Samningum við flest félögin var lokið um miðjan júlí og gilda samningar þeirra allra frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015.

Þrátt fyrir ýmis vandamál sem upp komu í viðræðunum við þennan stóra hóp stéttarfélaga, tókst að ljúka samningum við öll félögin í júní, nema Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna, sem samkomulag varð um að fresta viðræðum við vegna sumarleyfa, og Starfsmannafélag Kópavogs vegna ágreinings um

*Skipulagsdagurinn var haldinn í ágúst*





endurnýjun sérákvæðis við Kópavogsbæ. Samningur við Landsamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna var undirritaður þann 30. október og við Starfsmannafélag Kópavogs þann 10. nóvember.

Þann 22. október undirritaði samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga kjarasamning við Félag íslenskra hljómlistarmanna. Samningurinn gildir frá 1. mars 2014 til 31. júlí 2015.

Þann 2. september 2014 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla, samkomulag um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila sem gildir frá 1. maí 2014 til 31. maí 2015.

Þann 25. nóvember undirritaði samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga nýjan kjarasamning við Félag tónlistarskólakennara. Samningurinn gildir frá 1. nóvember 2014 til 30. nóvember 2015. Með undirritun kjarasamningsins lauk fimm vikna verkfalli félagsins.

Á árinu sameinuðu Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg, í samvinnu við þau stéttarfélag sem samið hafa um starfsmat, starfsemi starfsmatsins í sameiginlega Verkefnastofu starfsmats.

Markmið sameiningar og helsti ávinningur er að efla faglega þróun og endurskoðun starfsmatskerfisins, samræma verkferla og vinnulag, hafa eitt teymi starfsmatsráðgjafa fyrir öll sveitarfélög, samræma mat á öllum störfum, bæta þjónusta við sveitarfélögin, efla samvinnu við stéttarfélögin, efla fræðslu og upplýsingagjöf um starfsmat, auka skilvirkni og málshraða og að nota starfsmatsviðtöl í auknum mæli við mat starfa.

Nú eru liðin 12 ár síðan starfsmatskerfið var þýtt og staðfært á Íslandi. Á árinu hefur starfsmatskerfið verið

yfirfarið og endurskoðað með hliðsjón af þeirri þróun og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á kerfinu í Bretlandi á undanförunum árum. Einnig er unnið að innleiðingu á nýrri vefútgáfu starfsmatskerfisins, en viðmót hennar er mun þægilegra en eldri útgáfa kerfisins. Hafin er vinna við endurskoðun á eldra mati starfa (þverkeysla). Þá hafa nýjar starfsreglur fyrir starfsmatið verið samþykktar.

## Skólamál

Málþing sambandsins um skólamál, sem haldið er annað hvert ár á móti skólaþingi, fór fram 8. september á Grand hóteli undir yfirskriftinni *Hvað fékkstu á prófinu?* Að þessu sinni var sjónum beint að námsárangri í leik- og grunnskólum. Málþingið fór vel fram og góður rómur að erindum og vinnu umræðuhópa.

Mennta- og menningarmálaráðherra gaf út á árinu 2014 Hvítbók um umbætur í menntun. Þar er fjallað um núverandi stöðu íslenska menntakerfisins og á grundvelli þeirrar greiningar eru í hvítbókinni lögð fram drög að áherslum og aðgerðum. Mesti þunginn er lagður á þau meginmarkmið að bæta árangur í lestri og námsframvindu í framhaldsskólum.

Sambandinu var ekki boðið að eiga aðkomu að gerð hvítbókarinnar en umsögn um efni hennar var send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og taka full-trúar sambandsins þátt í vinnu við nánari útfærslu þeirra áherslna sem þar koma fram um að efla læsi og lesskilning, breyta skipulagi starfsnáms og um námstíma á framhaldsskólastigi og draga úr brotthvarfi. Af hálfu ráðuneytisins hefur hins vegar til þessa ekki reynst vera vilji til þess að skoða heildstætt möguleika á styttingu námstíma frá leikskóla til loka framhaldsskóla.

Fuglar leika sér við hafflötinn rétt utan Stykkishólms





Við ráðherraskiptin 2013 fór af stað vinna innan ráðuneytisins sem leiddi m.a. af sér breytingatillögur á fyrirhuguðu námsmatskerfi. Tillagan var lögð fram haustið 2014 og var óskað eftir umsögnum. Innleiðingu námskráa ætti að ljúka vorið 2015 fyrir utan innleiðingu nýs námsmatskerfis sem á að vera komið í framkvæmd vorið 2016.

Ráðinn var sérstakur verkefnisstjóri að samstarfsverkefni um úttekt á menntastefnu um skóla án aðgreiningar og jafnt og þétt var unnið að þessu umfangsmikla verkefni. Kallað var eftir samstarfi við Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar sem tóku að sér úrvinnslu tiltekinna verkþátta. Þá hefur verið litið til úttektar Evrópumíðstöðvar um sérkennslu á skóla án aðgreiningar sem nýverið var hleypt af stokkunum og möguleikar eru á að Ísland gæti orðið þátttakandi í. Vinna starfshópsins er komin vel á veg en ljóst að henni þarf að halda áfram.

Sambandið tók þátt í úttekt OECD á markvirkni og skilvirkni í skólastarfi á leik- og grunnskólastigi undir stjórn mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Ráðinn var sérstakur verkefnisstjóri til þessa verkefnis og hafa fulltrúar sambandsins lagt reglulega til upplýsingar og vinnu á fundum starfshópsins. Fyrstu drög að skýrslu Íslands hefur verið skilað og komnar eru athugasemdir sem unnið verður úr og lokaskýrslu verður skilað um áramótin 2014-2015.

Viljayfirlýsing um faglegt samstarf menntavísindasviðs Háskóla Íslands og sambandsins var undirritað á fyrsta fundi nýrrar stjórnar sambandsins í október 2014. Felur það m.a. í sér að haldnir verða tveir formlegir samráðsfundir á ári hverju. Stefnt er að því að gera sambærilegt samkomulag við Háskólann á Akureyri á næsta ári.

Sambandið átti í samstarfi við Félag stjórnenda í leikskólum og Félag leikskólakennara um framtíðarsýn fyrir leikskóla. Samið var við Capacent um að halda átta fundi, einn í hverjum landshluta í mars og apríl 2014. Endanleg skýrsla frá Capacent er væntanleg á næstunni. Hún verður nýtt í stefnuskjal sem er hugsað sem grundvöllur að framtíðarsýn leikskólans.

Átaksverkefni um eflingu leikskólastigsins var hleypt af stokkunum 16. apríl 2014 undir kjörorðinu Framtíðarstarfið. Ráðinn var sérstakur verkefnisstjóri og fór átakið m.a. fram á facebook og á vefsíðunni <http://framtidarstarfid.is>. Kynningarátakinu var ætlað að auka jákvæða ímynd leikskólastigsins og menntunarstig starfsmanna leikskóla með von um að fleiri sæki leikskólakennaranám svo nauðsynleg nýliðun megi verða meðal leikskólakennara. Sambandið sendi öllum sveitarfélögum bréf þar sem þau eru hvött til þess að hækka menntunarstig starfsfólks á leikskólum sínum.

Alþingi samþykkti á vorþingi tillögu um að kanna kosti þess að bjóða leikskólavist fyrir öll börn að loknu fæðingarorlofi. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði af því tilefni starfshóp, með þátttöku þriggja fulltrúa frá sambandinu. Hlutverk starfshópsins er að greina faglegar kröfur og fjárhagsleg sjónarmið sem taka þarf tillit til, þar á meðal varðandi mannafla- og húsnæðisþörf leikskóla miðað við áætlaða fjölgun leikskólabarna á aldrinum eins til tveggja ára, ásamt leiðum til fjármögnunar. Þess er vænst að starfshópurinn skili tillögum fyrir lok mars 2015.

Þá hefur samstarf sambandsins við Skólastjórafélag Íslands haldið áfram og sameiginlegt námskeiðahald farið fram vítt og breitt um landið á árinu. Þá eru í undirbúningi sérstök námskeið í tengslum við innleiðingu vinnu- og grunnskólakennara.

*XXVIII. landsþing var haldið í Hofi á Akureyri í september*



Mennta- og menningarmálaráðuneytið, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, gaf út rafrænar handbækur um velferð og öryggi barna í leik- og grunnskólum. Handbækurnar eru ætlaðar til stuðnings við gerð öryggishandbókar, öryggisáætlana og viðbragðs-áætlana skóla.

Sambandið á fjóra fulltrúa í fagráði um símenntun og starfsþróun kennara, þar af er einn í fimm manna stýrihópi. Hugtakið starfsþróun var skilgreint sem og hlutverk, ábyrgð og skyldur ólíkra aðila er koma að fagráðinu. Fagráðið tók einnig þátt í undirbúningi og framkvæmd ráðstefna og samráðsfunda. Þá gerði RHA úttekt á sjóðaumhverfi að beiðni fagráðs. Skipaðir hafa verið vinnuhópar til að vinna úr þessum gögnum. Starf fagráðsins var kynnt á vörfundi Grunns.

Tíu leikskólar tilraunakeyrdðu handbók um Heilsuefli leikskóla skólaárið 2013-2014. Vinnuhópur sem vann að þróun handbókarinnar skilaði sínum athugasemdum í maí. Faghópur hefur ekki fengið handbókina í heild til yfirlestar en kom að vinnu við tannheilsuhluta handbókarinnar. Faghópur og vinnuhópur voru ósammála um framsetningu og innihald tannheilsuhlutans en sátst náðist að lokum. Vinna með heilsuefli leikskóla hefur verið í biðstöðu síðan í vor vegna fjárskorts.

Sambandið átti samstarf við Kennarasamband Íslands um aðgerðir til að bæta hljóðvist og draga úr hávaða í skólum og vekja athygli á mikilvægi raddverndar og raddbeitingar. Er það gert á grundvelli bókunar með kjarasamningi sambandsins og FL frá 2011 og samhljóða bókunar sömu aðila frá árinu 2006. Samstarfsaðilar sendu bréf til kennaramenntunarstofnana þar sem athygli var vakin á mikilvægi raddar, raddbeitingar og raddverndar í grunnnámi kennaranema og í endurmenntun starfandi

kennara. Einnig voru Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og Vinnueftirlitinu send bréf þar sem hvatt var til samstarfs vinnueftirlits og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga við mælingar og miðlun úrræða vegna hávaða í leik- og grunnskólum landsins. Samstarfsaðilar gáfu út fræðsluritið *Kennsluumhverfið – hlúum að rödd og hlustun*, í samstarfi við Valdísi Jónsdóttur, radd- og talmeinafræðing. Áfram verður unnið á grundvelli bókunarinnar. Í nóvember var lögð fram þingályktunartillaga um bættu hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði.

Í kjarasamningi FG og SNS sem undritaður var í maí 2014 er kafli um nýtt vinnumat kennara. Skipuð var verkefnisstjórn með yfirumsjón með gerð leiðarvísis um vinnumat með fulltrúum samningsaðila. Haldnir voru yfir 20 fundir verkefnisstjórnar, auk kynningarfundaraðar um landið, sett var upp vefsvæði fyrir upplýsingagjöf og miðlun o.fl. Verkefnisstjórn mun starfa út samningstíma kjarasamnings.

Sambandið hefur átt í samstarfi við Samtök iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytið um *GERT-verkefnið - Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni*. Verkefnið hefur verið fest í sessi og ákveðið að það nái jafnframt til framhaldsskólastigsins. Áhersla verður lögð á að efla tengsl skóla og atvinnulífs í nærumhverfinu með það að markmiði að efla áhuga á raunvísindum og tækni. Ráðinn var starfsnemi í 50% starf til þess að sinna verkefnisstýringu og fer vinna hans vel af stað. Stýrihópur GERT fundaði þrisvar á árinu en verkefnisstjórn kom saman mun oft.

Starfshópur um málefni frístundaheimila fundaði talsvert á árinu og hélt m.a. morgunverðarfund um starfsemi frístundaheimila vorið 2014. Skilaði starfshópurinn

Nokkrir starfsmenn sambandsins á landsþingi á Akureyri



tillögum til ráðherra um talsverðar breytingar á heimildarákvæði grunnskólalaga um lengda viðveru. Þar er lögð áhersla á að mótuð verði viðmið um mat og gæði frístundastarfsemi. Unnin var ítarleg umsögn um fyrirhugaða breytingu á umræddu ákvæði.

Vorið 2014 var undirritað samkomulag milli velferðarráðuneytisins og sambandsins um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam. Þar með var ákveðnum áfanga náð en enn er ófrágengið hvernig best verður unnið að framkvæmd heildstæðrar þjónustu á þessu sviði. Unnið er að því verkefni í starfshópi mennta- og menningarmálaráðuneytisins á grundvelli þingsályktunartillögu um málið og hefur sambandið átt aðild að þeirri vinnu á árinu.

Áfram var unnið á árinu að þróunarverkefni um ytra mat á grunnskólum. Verkefnið er unnið í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti með fjárstuðningi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og er unnið af Námsmatsstofnun. Verkefnið fór af stað í ársbyrjun 2013 með gildistíma til ársloka 2014. Vegna skipulagsbreytinga hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem unnið var að því að setja á fót nýja stofnun, Menntamálastofnun, sem á að taka við verkefnum Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar, reyndist ekki unnt að koma þróunarverkefni um ytra mat í framtíðarbúning. Því var ákveðið að framlengja þróunarverkefni um ytra mat á grunnskólum um eitt ár og lýkur því við árslok árið 2015.

Málefni tónlistarskóla voru í mikilli óvissu á árinu því það var ekki fyrr en í mars sem undirritað var viðaukasamkomulag sem framlengdi samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2011, til ársloka 2014. Samkvæmt samkomulaginu greiðir ríkið 520 m.kr. á ári til fjármögnunar tónlistarnáms

á framhaldsstigi ásamt miðstigi í söng. Í lok árs lá ekki fyrir hvort samkomulagið yrði framlengt að nýju. Þessi óvissa er að sjálfsögðu afar bagaleg, ekki aðeins fyrir tónlistarskólana heldur bitnar hún einnig á verkefnum sem samið var um að yrðu tímabundið fjármögnuð af sveitarfélögum, í tengslum við gerð samkomulagsins. Af hálfu sambandsins er lögð þung áhersla á að beina þarf málefnum tónlistarskóla í varanlegri farveg sem fyrst.

## Félagsþjónusta

Á árinu 2014 fóru fram viðræður við velferðarráðuneytið og fleiri stofnanir og ráðuneyti um fækkun grárra svæða í velferðarþjónustu. Málið er í vinnslu en áformað er að vinna markvisst að því að fækka gráum svæðum í verkskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt fyrirbyggjandi greiningu teljast a.m.k. 24 notendahópar vera á gráum svæðum innan velferðarþjónustunnar (í víðum skilningi). Yfirlit sem sambandið tók saman um þessa hópa hefur verið rætt á formlegum fundum með fulltrúum ráðuneyta og hlutaðeigandi ríkisstofnana, auk þess sem yfirlitinu hefur verið miðlað til þingnefnda og fleiri aðila utan stjórnkerfisins. Endurskoðuð útgáfa yfirlitsins var lögð fyrir stjórn sambandsins í október 2014 og verður væntanlega útgangspunktur í viðræðum sem fram fara á árinu 2015.

Sambandið er þátttakandi í verkefni um samnýtingu upplýsinga til að auka skilvirkni og varna misnotkun í almannatryggingakerfinu og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Verkefnið er á vegum velferðarráðuneytisins en auk sambandsins eru Tryggingastofnun ríkisins, Vinnu-  
málastofnun og Sjúkratryggingar Íslands þátttakendur í verkefninu. Markmið verkefnisins eru að gera ríkisstofnunum og sveitarfélögum, sem fara með ráðstöfun

*Regnbogi var einkennismynd XXVIII. landsþings sem haldið var á Akureyri í september*





réttinda og útgreiðslur á almannafé, kleift að samnýta upplýsingar sín á milli til að geta sinnt þörfum skjólstaðinga á skilvirkan og hagkvæman hátt og til að koma í veg fyrir að rangar upplýsingar séu lagðar til grundvallar afgreiðslum og mistök séu gerð vegna upplýsingaskorts. Þannig verði einnig komið í veg fyrir misnotkun og tryggt að opinbert fé sé nýtt með lögbundnum hætti.

Unnin var skýrsla vorið 2014 þar sem gerð var kortlagning og þarfagreining á þeim upplýsingum sem ríkisstofnanir og sveitarfélög vinna með þegar teknar eru ákvarðanir um greiðslur og ívilnanir til einstaklinga. Heiti skýrslunnar er Samnýting upplýsinga til að auka skilvirkni og varna misnotkun. Við gerð skýrslunnar var jafnframt leitað til fleiri aðila og stofnana sem hafa verið skilgreind sem samráðshópur í verkefninu. Skýrslan er fyrsti áfangi í verkinu, en á grundvelli hennar er ætlunin að vinna kröfulýsingu, sem er næsti áfangi. Kröfulýsingin skal innihalda viðtökukröfur til lokaafurðar verkefnisins, þ.e. upplýsingakerfis. Sótt hefur verið um styrk til upplýsingasamfélagsins til að vinna kröfulýsinguna en ekki liggur enn fyrir hvort fjármagn fæst til að vinna hana.

Framkvæmdastjóri sambandsins og lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði hafa setið í verkefnisstjórn um endurmat á kostnaði við þjónustu við fatlað fólk. Fjöldi funda voru haldnir á árinu 2014 og mikil rannsóknarvinna hefur verið innt af hendi af hálfu sambandsins og fleiri aðila vegna þessa verkefnis. M.a. liggur fyrir að fjármagn sem fylgdi við yfirfærsluna og jákvæð þróun útsvarsstofns sveitarfélaga frá ársbyrjun 2011 hafa ekki náð að vega upp þá miklu fjölgun notenda og aukningu í þjónustu sem orðið hefur frá þeim tíma. Gert er ráð fyrir að samningur verði gerður milli ríkis og sveitarfélaga, samhliða því að endurmatinu lýkur. Settar hafa verið fram kröfur af hálfu sambandsins um aukið fjármagn frá ríki til málaflokksins,

en enn hafa viðræður aðila ekki leitt til samkomulags, en niðurstöður þurfa að liggja fyrir vorið 2015.

Samhliða endurmatinu hefur farið fram endurskoðun laga og reglna um félagsþjónustu, bæði almennra og sér- tækra, ásamt stefnumörkun um framtíðarfyrirkomulag atvinnumála fatlaðs fólks. Skiptar skoðanir hafa verið uppi um forræði á atvinnumálum fatlaðs fólks, en samkomulag um yfirfærslu málaflokksins mælti fyrir um að ákvörðun yrði tekin um framtíðarverkaskiptingu milli Vinnuálastofnunar (VMST) og sveitarfélaga.

Í september 2014 var lögð fram málamiðlunartillaga sem reiknað er með að verði grundvöllur undir verkaskiptingu og samvinnu milli aðila frá 2015 og áfram. Nálgunin í tillögunni er í samræmi við verklag sem almennt hefur verið að mótast í samskiptum VMST og sveitarfélaga varðandi langtímaatvinnulausa á fjárhagsaðstoð og aðra þá sem standa höllum fæti gagnvart vinnumarkaðinum.

Mikil áhersla var lögð á margvíslegt þróunarstarf í mál- efnum fatlaðs fólks, og á árinu 2014 hafa þau verkefni verið með beina tengingu við framkvæmd endurmatsins. Bakhópur skipaður tengiliðum við þjónustusvæðin 15 fundaði reglulega og ræddi stöðu mála. Þá stóð sambandið fyrir tveimur umræðu- og upplýsingafundum á árinu til þess að miðla upplýsingum og stuðla að skoðanaskiptum. Fulltrúar sambandsins tóku þátt í heimsóknum/fundum með þjónustusvæðum haustið 2014, þar sem farið var yfir það hvernig faglegar og fjárhagslegar forsendur yfirfærslunnar hefðu gengið eftir.

Stór hluti aðgerða skv. framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012–2014 snýr að sveitarfélögunum og hefur sambandið tekið þátt í að fylgja þeim eftir, að því marki sem forsendur hafa verið til þess að sinna umræddum verkefnum, en fjármagn hefur ekki fengist til

*Fjöldmenn ráðstefna um skólamál var haldin á Grand hóteli í Reykjavík í september*





ýmissa aðgerða eins og ráðgert var. Verkefni sem unnið hefur verið að eru endurskoðun á reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu og gerð leiðbeininga um einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir. Reiknað er með að nýtt verklag komi til framkvæmda á fyrri hluta árs 2015. Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur boðað að gildandi framkvæmdaáætlun verði framfylgt á árinu 2015, og að tíminn verði nýttur til þess að móta nýja tillögu sem lögð verði fram á haustþingi.

Bakhópur sambandsins í málefnum fatlaðs fólks fundaði nokkrum sinnum á síðasta ári, en markmið hans er að styðja sveitarfélögin/þjónustuvæðin um málefni fatlaðs fólks vegna tilfærslu þjónustunnar til sveitarfélaga. Þessi vettvangur hefur nýst vel til að miðla upplýsingum, stuðla að skoðanaskiptum og leggja grunninn að öflugum starfi sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Frá því að málefni fatlaðs fólks fluttust yfir til sveitarfélaganna, hefur sambandið reglulega staðið fyrir fundum sem ætlað er að vera vettvangur umræðu og skoðanaskipta meðal sveitarstjórnarfólks og stjórnenda þjónustunnar. Var fundurinn haldinn þann 14. febrúar og voru þar m.a. kynntar niðurstöður úr viðamikilli könnun sem sambandið hafði framkvæmt á viðhorfum stjórnenda þjónustuvæða til þess hvernig faglegar og fjárhagslegar forsendur yfirfærslunnar hefðu gengið eftir.

Þá stóð sambandið einnig fyrir málþingi þann 27. ágúst þar sem varpað var upp ýmsum spurningum um stöðu yfirfærslunnar, m.a. um það sem komið hefði fram í könnunum og úttektum sem fram höfðu farið. Sérstaklega var fjallað um það hvernig byggja megi upp gagnasöfn í mála-flokknum og tóku tveir sérfræðingar frá KL, systur-samtökum sambandsins í Danmörku, þátt í málþinginu

og greindu frá því hvernig upplýsingaöflun og -miðlun er háttað þar í landi.

Þá var haldið áfram vinnu við undirbúning tilfærslu þjónustu við aldrað fólk til sveitarfélaga, m.a. með þátttöku í nefndum og sérfræðiteymum um einstaka verkþætti tengda yfirfærslunni. Ekki hefur þó verið fundað í nefndum og sérfræðiteymum frá því fyrir sveitarstjórnarkosningar. Ekki er lögð nein áhersla á það af hálfu sambandsins að flýta þessari vinnu heldur þurfi að fá niðurstöðu í allmargar mikilvægar forsendur yfirfærslunnar, einkum varðandi rekstrarforsendur hjúkrunarheimila.

Sambandið hefur átt fulltrúa í nefndum og starfshópum sem undirbúið hafa stefnumörkun og innleiðingu nýs húsnæðisbótakerfis. Reiknað er með að á fyrri hluta árs 2015 muni fjölmörg þingmál koma fram auk þess sem unnið verður að setningu stjórnvaldsfyrirmæla um húsnæðislán, leigufélög og nýja húsnæðisstofnun á vegum ríkisins. Sambandið mun vinna umsagnir um þessi þingmál á grundvelli stefnumörkunar fyrir 2014 – 2018.

Sambandið tók þátt í verkefninu Vinna og virkni - átak til atvinnu og átti fulltrúa í samstarfsverkefni/verkefnisstjórn milli ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Markmið verkefnisins var að virkja atvinnuleitendur, sem hafa fullnýtt eða fullnýttu rétt sinn innan atvinnuleysis-tryggingakerfisins á árinu 2013, til þátttöku að nýju á vinnumarkaði. Auk þess skuldbundu sveitarfélögin sig til þess að bjóða ákveðnum fjölda einstaklinga atvinnu. Um var að ræða tímabundið verkefni sem nú er lokið.

Sambandið átti þátt í gerð samkomulags á milli Vinnu-málastofnunar og sveitarfélaganna um samstarfsverkefnið Stíg um ráðgjöf og úrræði fyrir þá sem fá fjárhagsaðstoð en eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta.

*Guðjón Bragason hlaut uppsveitabrosið í mars*



Á haustþingi 2014 var samþykkt breyting á lögum um atvinnuleysisstryggingar sem felur í sér styttingu atvinnuleysisbótatímabils úr þremur árum í tvö og hálf ár. Ekki var haft samráð við sambandið áður en frumvarp var lagt fram á Alþingi. Sambandið hefur áætlað að þessi laga-breyting muni kosta sveitarfélögin allt að 500 milljónum króna á ári vegna aukinnar ásóknar í fjárhagsaðstoð sveitarfélaga frá þeim sem tæmt hafa rétt sinn til atvinnuleysisbóta.

## Alþjóðamál

Níundi fundur EES EFTA sveitarstjórnarvettvangsins (EEA EFTA Local Forum) var haldinn í Grímsnes- og Grafningshreppi í júní 2014. Þar voru samþykktar áætlanir um umhverfis- og orkumál og um málefni norðurslóða, auk þess sem rætt var um nýtt tímabil fyrir evrópskar samstarfsáætlanir. Á tíunda fundi, sem var haldinn í Brussel í nóvember, voru samþykktar ályktanir um áhrif samningaviðræðna ESB og BNA um frjáls viðskipti og fjárfestingar á sveitarfélög og héruð og um græna atvinnusköpun og hringrásarhagkerfið. Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, er fulltrúi þess í vettvangnum. Hann hefur gegnt formennsku og varaformennsku á móti norskum fulltrúa. Í vettvangnum eiga sæti norskir og íslenskir sveitarstjórnarmenn og áheyrnarfulltrúi frá Sviss. Reykjavíkurborg á einn fulltrúa í vettvangnum og landhlutasamtök sveitarfélaga skipta á milli sín fjórum sætum.

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins í Strassborg (The Congress of the Council of Europe) kemur saman tvisvar á ári. Halldór Halldórsson, Guðríður Arnardóttir og Elín R. Línal, sem stjórn sambandsins tilnefndi til setu á þinginu 2014-2016, tóku þátt í bæði vorþingi í mars og haustþingi

í október. Stjórn sambandsins tilnefndi á fundi í nóvember Gunnar Axel Axelsson sem aðalfulltrúa í stað Guðríðar Arnardóttur sem er ekki lengur kjörinn fulltrúi.

Samband íslenskra sveitarfélaga á aðild að Evrópu-samtökum sveitarfélaga, Council of European Municipalities and Regions (CEMR), stærstu samtökum sveitarstjórnarstigsins í Evrópu. Aðild eiga rúmlega 60 landssambönd bæja, sveitarfélaga og héraða frá 41 landi. Samtökin eru í fyrirsvari fyrir um 150.000 sveitarfélög og héruð. Sambandið á þrjá fulltrúa í stefnumótunarnefnd (Policy Committee) CEMR, sem fer með pólitíska yfirstjórn samtakanna. Nefndin kemur saman tvisvar á ári. Stjórn sambandsins tilnefndi á fundi sínum í nóvember þau Aldís Hafsteinsdóttur, Björk Vilhelmsdóttur og Eirík Björgvinsson sem aðalfulltrúa sína í nefndinni. Aldís og Eiríkur tóku þátt í fundi nefndarinnar í desember í Róm og ráðstefnu um stöðu borgara í Evrópu og samstarfstengsl sveitarfélaga (European Conference on Citizenship and Twinning) sem haldin var í tengslum við fundinn. Framkvæmdastjóri Brussel-skrifstofu sat framkvæmdastjórafund CEMR í Haag í janúar en fyrir utan hefðbundin stjórnarstörf var sérstaklega fjallað um hlutverk svokallaðra millistjórnsýslustiga (intermediate authorities) í lagsskiptri stjórnsýslu, tækifæri og áskoranir sem því fylgir og hvaða hlutverki CEMR getur gegnt til að efla millistjórnsýslustigið í Evrópu. Á framkvæmdastjórafundi í nóvember var annars vegar fjallað um lagskipta stjórnsýslu og hins vegar um áhrif ESB-löggjafar, staðla og fríverslunarsamninga á sveitarstjórnarstigið í Evrópu.

Stefnumótun og löggjöf Evrópusambandsins hefur víðtæk áhrif á íslensk sveitarfélög í gegnum EES- samninginn. Áhrifin ná til flestra málaflokka sveitarfélaga, þó í mismiklum mæli sé. Samband íslenskra sveitarfélaga

*Skólaskýrsla og Árbók sveitarfélaga komu út í tengslum við fjármálaráðstefnuna í október. Hér eru þau Valgerður Ágústsdóttir og Jóhannes Á. Jóhannesson með bækurnar*





hefur, með stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, starfrækt skrifstofu í Brussel síðan 2006. Skrifstofan annast hagsmunagæslu fyrir íslensk sveitarfélög í Brussel og miðlar upplýsingum um Evrópumál til sveitarfélaga og sambandsins. Skrifstofan skipuleggur einnig fundi og heimsóknir í Brussel fyrir íslenska sérfræðinga og fulltrúa sveitarfélaga og vinnur að því að sveitarfélög geti í auknum mæli nýtt sér tækifæri sem fólgin eru í evrópskum samstarfsáætlunum og Uppbyggingarsjóði EFTA. Skrifstofan skipuleggur fundi Sveitarstjórnarvettvangs EFTA í samstarfi við EFTA-skrifstofuna og norska sveitarfélagasambandið og situr fundi ráðgjafarnefndar EFTA í Brussel. Á fundi nefndarinnar í mars var m.a. fjallað um helstu mál á dagskrá aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu, aðgerðir til að stuðla að kynjajafnrétti á vettvangi ESB og aðgerðir til að hraða innleiðingu EES-löggjafar hjá EFTA ríkjunum. Í nóvember fundaði ráðgjafarnefndin með utanríkisráðherrum EFTA ríkjanna og þingmannanefnd EFTA en helstu mál á dagskrá voru staða og framtíð evrópska vinnumarkaðarins, nýtt Evrópuþing og framkvæmdastjórn ESB og fríverslunarsamningar og samskipti við ríki utan EES.

Nýtt Evrópuþing tók til starfa á árinu en af því tilefni skipulagði Brussel-skrifstofan, ásamt systurskrifstofum, móttöku/fund með pólitískum aðstoðarmönnum norrænna Evrópuþingmanna til að kynna helstu áherslumál sveitarstjórnarstigsins og starfsemi hagsmunagæsluskrifstofanna. Framkvæmdastjóri Brussel-skrifstofu tók einnig þátt í starfi CEMR, Municipal Waste Europe og ELAN – samstarfsneti sveitarfélagasambanda í Brussel. Skrifstofan gefur út upplýsingaritið - *Frá Brussel til Breiðdalshrepps* - um helstu nýmæli hjá ESB og EFTA sem snerta sveitarfélögin. Upplýsingunum er skipt niður eftir efnisköflum þannig að það sé aðgengilegt fyrir stjórnendur

á einstökum sviðum sveitarfélaga að nálgast upplýsingar um sín svið, s.s. um félags- og starfsmanna-mál, opinber innkaup, umhverfis- og úrgangsmál og stefnumótun, stofnanauppbyggingu og byggðastefnu ESB. Þá er einnig að finna í ritinu skýringar á hlutverkum Evrópustofnana, skammstöfunum og sértækum heitum sem notuð eru yfir Evrópumál og fjölda tengla á skjöl og heimasíður þar sem nálgast má nánari upplýsingar um einstök mál.

Brussel-skrifstofan heldur einnig úti síðu á vef sambandsins þar sem nálgast má fjölbreyttan fróðleik um Evrópumál.

## Mannréttindamál

Fulltrúar sambandsins tóku þátt í undirbúningshópi og gættu hagsmuna sveitarfélaganna við gerð fjögurra ára framkvæmdaáætlunar um málefni innflytjenda. Þá stóð sambandið fyrir málþingi í Reykjanesbæ í nóvember um stöðu innflytjenda í sveitarfélögum. Þátttakendur voru um 90. Eftir framsögur voru umræður í þremur hópum um helstu úrlausnarefni. Niðurstöður verða nýttar til að vinna að framþróun málaflokksins.

Norrænu sveitarfélagasamböndin fengu styrk frá norrænu ráðherranefndinni til að vinna að jafnréttisverkefni meðal norrænna sveitarfélaga á árunum 2014-2015. Verkefnið hefur tengsl við Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna í sveitarfélögum og héruðum sem sex íslensk sveitarfélög hafa undirritað. Fulltrúi sambandsins tekur þátt í stýrihópi um framkvæmd verkefnisins.

Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður eru íslenskir þátttakendur í verkefninu. Meðal annarra þátttökusveitarfélaga eru Árhús í Danmörku, Kristiansand og Lillehammer í Noregi, Umeå, Eskilstuna og Malmö í Svíþjóð og Helsinki

*Akureyri skartaði sínu fegursta á meðan á landsþingi sambandsins stóð*



og Oulu í Finnlandi. Allt eru þetta sveitarfélög sem eru í framfarðasveit í sínum löndum í jafnréttismálum.

Aðalmarkmið verkefnisins er að sveitarfélögin öðlist aukna þekkingu á því hvernig hægt er að bæta þjónustu sveitarfélaga með samþættingaraðferðarfræðinni en rauði þráðurinn í henni er að laga þjónustu að þörfum hvors kyns fyrir sig. Haldnar verða þrjár vinnustofur þar sem sveitarfélögin bera saman bækur sínar um hvernig unnið er að jafnréttisstarfi innan þeirra, fá upplýsingar um fyrirmyndarverkefni og mynda samstarfstengsl á milli sín. Sú fyrsta var haldin í Malmö í júní 2014, í tengslum við jafnréttisráðstefnuna Nordiskt Forum2014. Þar ræddu sveitarfélögin hvaða væntingar þau hefðu til verkefnisins og hvað þau gætu haft fram að færa.

Önnur vinnustofan var haldin í Helsinki í nóvember. Þar var farið dýpra ofan í mál sem þátttakendur höfðu sett fram óskir um. Þriðja og síðasta vinnustofan verður haldin í Osló í maí 2015.

## Lýðræðismál

Síðanefnd sambandsins tók til starfa á árinu 2014 á grundvelli skipunarbréfs stjórnar sambandsins og 29. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Formaður nefndarinnar er Sigurður Kristinsson, heimspekingur og prófessor á hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri. Aðrir nefndarmenn eru Erlingur Ásgeirsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Garðabæ, varaformaður og Anna Guðrún Björnsdóttir lögfræðingur og sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs. Starfsmaður og ritari nefndarinnar er Valur Rafn Halldórsson stjórnsýslufræðingur og sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins.

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga í maí 2014 stóð sambandið fyrir gerð gagnvirs myndbands fyrir vefinn til að fræða sérstaklega unga kjósendur og innflytjendur um sveitarstjórnarstigið og hvetja þá til að kjósa.

Í maí var haldinn fundur í samstarfshópi norrænu sveitarfélagasambandanna um lýðræðismál á Búðum á Snæfellsnesi.

## Umhverfis- og tæknimál

Sambandið hefur gætt hagsmuna sveitarfélaga við mótun tillögu um landsskipulagsstefnu fyrir tímabilið 2015-2026 og aðstoðað fulltrúa sambandsins í ráðgjafanefnd um landskipulagsstefnu. Tillaga að landsskipulagsstefnu barst ráðgjafarnefnd til umfjöllunar í lok nóvember og var tillagan rædd í skipulagsmálanefnd í byrjun desember. Málinu verður fylgt eftir gagnvart Alþingi á vörpingi 2015.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins hefur setið í samráðshópi um framkvæmd almenningssamgangna, sem hefur unnið markvisst að því að fækka vandamálum sem lúta að framkvæmd og fjármögnun verkefnisins, í samstarfi við landshlutasamtök, innanríkisráðuneytið og Vegagerðina. Frumvarp um farþegaflutninga á landi var lagt fram á Alþingi í lok nóvember og eru bundnar vonir við að það verði að lögum fyrir vorið.

Fulltrúi sambandsins hefur setið í starfshópi um endurskoðun vegalaga og tekið þátt í gerð leiðbeininga um samráð milli sveitarfélaga og Vegagerðarinnar um vegi og skipulag. Starfshópurinn skilaði tillögum í febrúar 2014, auk þess sem leiðbeiningar og gátlistar um samráð milli sveitarfélaga og Vegagerðarinnar lágu fyrir á sama tíma. Lagafrumvarp hlaut samþykki á Alþingi í janúar 2015.

Ný skólamálanefnd kom saman til fundar í nóvember





Breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs voru samþykktar á vorþingi 2014. Verulegar breytingar voru gerðar á frumvarpinu, í samræmi við umsögn sambandsins. Afstaða Alþingis er mjög skýr um að mikilvægt sé að skilgreina betur ábyrgð úrgangshafa og að veita sveitarfélögum svigrúm til þess að útfæra þjónustuna í samræmi við aðstæður í hverju sveitarfélagi. Sambandið hefur lagt áherslu á að nýta þennan meðbyr til þess að kalla eftir gerð lagafrumvarps þar sem lögð verði áhersla á að undirstrika að meðhöndlun úrgangs er almannaþjónusta á forræði sveitarfélaga.

Sambandið á fulltrúa í starfshópi sem á að leggja fram aðgerðir til að draga úr matarsóun, sem kynntar verða á næsta degi umhverfisins í apríl 2015. Að draga úr sóun matvæla er sömuleiðis fyrsta áhersla í drögum að forvarnaáætlun sem Umhverfisstofnun er að vinna og ráðherra mun gefa út árið 2015.

Verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum hélt fjóra fundi á árinu. Rætt var á fundum seinni hluta ársins um að halda ráðstefnu um úrgangsmál á árinu 2015. Ráðstefnan myndi m.a. fjalla um ábyrgðarskiptinu milli sveitarfélaga og einkaaðila í meðhöndlun úrgangs og hvernig meðhöndlun úrgangs færi fram á sem hagkvæmastan hátt.

Reglulegir fundir með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Umhverfisstofnun og utanríkisráðuneytinu um efnamál, umhverfis, mengun, loft og haf – vöktun framkvæmdar EES-samningsins hafa verið haldnir á undanförunum árum undir heitinu teymisfundir. Einum fundi um öll ofangreind mál hefur nú verið skipt upp í þrjá samráðshópa og fundum fækkað um einn til tvo á árinu.

Sú almenna umræða sem verið hefur í gangi undanfarin ár um þörf á að lækka byggingarkostnað leiddi til þess að

ákveðnar breytingar voru gerðar á gildandi byggingarreglugerð í mars 2014. Að mati sambandsins komu þessar breytingar nokkuð vel til móts við sjónarmið um einföldun og hagkvæmari byggingarmáta. Ástæða er hins vegar til þess að vakta þróunina áfram og stuðla að því að hagkvæmustu útfærslur verði fyrir valinu, m.a. við byggingu leiguíbúða og sértækari húsnæðisúrræða, m.a. fyrir fatlaða og aldraða.

Drög að nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða voru unnin í góðu samstarfi sambandsins, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Mannvirkjastofnunar og Félags slökkviliðsstjóra. Drögin voru kostnaðarmetin og liggur fyrir sú afstaða stjórnar sambandsins að kostnaðaráhrif hennar séu óásættanleg fyrir sveitarfélögin. Beðið er eftir greinargerð Mannvirkjastofnunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á tillögunni, með hliðsjón af framkomnum umsögnum.

Sambandið og Landvernd hafa tekið upp samstarf um að sveitarfélög verði virkari á sviði loftslagsmála. Verkefnið er í upphafi fólgið í því að vinna með Sveitarfélaginu Hornafirði, sem hefur samþykkt að gerast tilrauna-sveitarfélag. Viðræður eru hafnar af hálfu Landverndar við fleiri sveitarfélög að móta aðgerðir gegn neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga, sér í lagi hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Sambandið tók á árinu virkan þátt í samráði um undirbúning lagafrumvarpa um náttúrupassa og landsáætlun um uppbyggingu ferðamannastaða. Markmið þessara frumvarpa er að tryggja fjármögnun nauðsynlegrar uppbyggingar og verndunar ferðamannastaða. Sambandið hefur ekki tekið afstöðu til þess hvaða leiðir til fjármögnunar séu heppilegastar en hins vegar tekið eindregið undir að þörf er á að gerðar verði áætlanir um

*Það er margt sem freistar, hér hefur ungur piltur úr Fjallabyggð bjargað andarunga og hjálpar honum að taka fyrstu sundtökin*



uppbyggingu þar sem horft verði til lengri tíma en gert er nú. Einnig tóku fulltrúar sambandsins þátt í stefnumótunarvinnu fyrir ferðaþjónustu og gættu hagsmuna sveitarfélaga í tengslum við gerð tillagna um einföldun regluverks í ferðaþjónustu.

Sambandið tók virkan þátt í starfshóp um endurskoðun fráveitireglugerðarinnar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Starfshópnum miðaði vel í vinnu sinni og er reiknað með að drög að nýrri reglugerð verði lögð fram á vormánuðum 2015.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði á árinu starfshóp um gerð lagafrumvarps um skipulag haf- og strandsvæða. Starfshópurinn á að skila tillögum sínum snemma árs 2015 og tekur sambandið virkan þátt í vinnu hans.

Frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum til að skýra stöðu kerfisáætlunar Landsnets gagnvart skipulagsáætlunum sveitarfélaga var lagt fram á haustþingi. Á sama tíma var lögð fram tillagan til þingsályktunar um stefnu varðandi raflínur, þar sem sett eru fram viðmið um hvenær komi til álita að leggja jarðstrengi í stað loftlína. Bæði mál eru afar umdeild og geta haft mikil áhrif á skipulagsáætlanir sveitarfélaga og hefur sambandið kappkostað að gæta hagsmuna sveitarfélaga og lagt fram tillögur um atriði sem betur mættu fara í báðum þingmálum.

Fundir voru haldnir með innanríkisráðuneytinu og Þjóðskrá Íslands þar sem rætt var hvernig hægt væri að breyta lögum um skráningu og mat fasteigna og þróa aðferðafræði til að skattleggja virkjana- og flutningsmannvirki. Þessari vinnu verður haldið áfram á árinu 2015, í góðu samstarfi við Samtök orkusveitarfélaga.

## Upplýsingatækni- og nýsköpunarmál

Fulltrúar sambandsins hafa gætt hagsmuna sveitarfélaganna í verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið vegna innleiðingar stefnumótunar ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið. Fjármagn til hennar var því miður skorið verulega niður í fjárlögum 2014. Verkefnisstjórar og vinnuhópar hafa umsjón með framkvæmd einstakra verkefna. Sambandið á fulltrúa í vinnuhópum um mikilvægustu verkefni fyrir sveitarfélög, s.s. um þekkingaruppbyggingu hjá stjórnendum og sérfræðingum, um upplýsingatækni í skólum, um opin gögn, samtengingu kerfa til að draga úr svikum innan velferðarkerfisins og um rafrænar kosningar.

Sambandið var aðili að málstofu um rafræna stjórnsýslu fyrir stjórnendur hjá ríki og sveitarfélögum sem var haldinn var í maí. Sambandið tók líka þátt í undirbúningi UT-dagsins í nóvember sem var tileinkaður verkefnum sem unnið er að innan stefnumótunar ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið.

Sambandið tekur þátt í verkefni um veitingu nýsköpunarverðlauna í opinberri stjórnsýslu og þjónustu, ásamt fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís. Félag stjórnenda á stjórnsýslu- og fjármálasviðum sveitarfélaga hefur líka komið verkefninu. Tvö sveitarfélög fengu viðurkenningu 2014. Dalvíkurbyggð fyrir innflytjendaverkefni og Reykjanesbær, Garður og Sandgerði fyrir stefnumótun í skólumálum. Verðlaunin voru veitt á ráðstefnu í janúar þar sem íslenskir og erlendir framsögumenn fjölluðu um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu.

*Fráveitumál sveitarfélaga eiga sér sess í starfsemi sambandsins*





## Ráðgefandi nefndir sambandsins

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga skipar í upphafi hvers kjörtímabils þrjár ráðgefandi nefndir: Félagspjónustunefnd, kjaramálanefnd og skipulagsmálanefnd.

Félagspjónustunefnd er ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins um verkefni sveitarfélaga á sviði félagspjónustu og flutning verkefna á því sviði frá ríki til sveitarfélaga. Nefndin hélt fjóra fundi á árinu 2014.

Kjaramálanefnd er ráðgefandi fyrir stjórn og kjarasvið sambandsins í vinnumarkaðsmálum, kjarasamningagerð og við undirbúning kjarastefnu og samningsmarkmiða Sambands íslenskra sveitarfélaga. Kjaramálanefnd kom saman til þriggja funda á árinu.

Hlutverk skipulagsmálanefndar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í skipulagsmálum, svo sem varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum og reglum um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum. Einnig fylgist nefndin með þróun umhverfislöggjafar sem tengist skipulagsgerð sveitarfélaga, meðal annars um flóðavarnir og stjórn vatnamála. Skipulagsmálanefnd hélt fjóra fundi á árinu.

Skólamálanefnd er ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í skólumálum, þ.e. málefnum leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla. Skólamálanefnd hélt sjö fundi á árinu 2014.

Fundargerðir framangreindra nefnda eru lagðar fyrir stjórn sambandsins, sem fjallar um þær og ályktar út frá efni þeirra ef ástæða þykir til.

## Námskeið, fundir og ráðstefnur

Að vanda stóð sambandið fyrir fjölmörgum fundum og ráðstefnum á árinu 2014.

Árleg fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík í október. Fjármálaráðstefnan er ávallt vel sótt af sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga og að þessu sinni voru um 400 manns skráðir til þátttöku.

Formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, setti ráðstefnuna með ræðu og í framhaldinu flutti Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, stutt ávarp. Síðan stýrði Jóhann Hlíðar Harðarson fréttamaður samtali formanns sambandsins og fjármála- og efnahagsráðherra um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Fyrri dag ráðstefnunnar voru flutt margvísleg erindi um fjármál sveitarfélaga og stöðu þeirra. Þannig fjallaði Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, um fjárhagslegt uppgjör vegna yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga og Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, ræddi um afkomu sveitarfélaganna á síðasta ári og horfur á næstu árum. Sólveig B. Gunnarsdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, gerði grein fyrir niðurstöðum kjarasamninga 2014 og reynsluna af þeim og Bergur Elías Ágústsson, fyrrverandi bæjarstjóri Norðurlþings, fjallaði um áhættugreiningu sveitarfélaga. Regína Bjarnadóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, flutti erindi um stöðu efnahagsmála, áskoranir, útlit og horfur. Örn Árnason leikari átti svo lokaorðin á fyrri degi ráðstefnunnar en hann fjallaði um fjármál sveitarfélaga í víðu samhengi og var gerður rómur að erindi hans.

*Fjármálaráðstefna sveitarfélaga fór fram í byrjun október*





Síðari daginn var ráðstefnunni skipt upp í tvo hluta. Annars vegar var fjallað um ýmsa þætti í fjármálum og rekstri sveitarfélaga og hins vegar um ýmsa þætti í rekstrarumhverfi sveitarfélaganna.

Námskeiðið *Rétt málsmeðferð – ánægðir starfsmenn* var skipulagt af sambandinu, Skólastjórafélagi Íslands og Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Það var ætlað skólastjórum í leik- og grunnskólum, fræðslustjórum og starfsmannstjórum í sveitarfélögum og var haldið víða um land vorið 2014.

Markmið námskeiðsins var að þátttakendur öðluðust þekkingu á ferli ráðningarmála og uppsagna, gætu brugðist við af öryggi og beitt meginreglum stjórnsýsluréttar þegar við ætti. Fjallað var um starfsmannamál, hvernig skólastjórar hafa frumkvæði og taka á málum þegar leiðbeina þarf starfsmanni um starfið, hegðun eða samskipti.

Á haustdögum hófust svo námskeið fyrir nýkjörna sveitarstjórnarmenn og framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Á námskeiðinu var farið yfir hlutverk sveitarstjórnarmanna, stjórnkerfi sveitarfélaga og réttindi, skyldur og ábyrgð sveitarstjórnarmanna, fjármál sveitarfélaga, stjórnæki sveitarstjórna og samskipti og samstarf. Í tilefni námskeiðanna var gefið út fræðsluritíð *Að vera í sveitarstjórn* sem þátttakendur á námskeiðunum fengu.

Reynt sveitarstjórnarfolk, þau Smári Geirsson, Fjarðabyggð, og Svanfríður Inga Jónasdóttir Dalvíkurbyggð, skiptust á um að stýra námskeiðunum en auk þeirra voru sérfræðingar sambandsins á fjármála- og lögfræðisviði leiðbeinendur. Þátttakendur á námskeiðunum voru almennt mjög ánægðir með þau. Framhald verður á þessum námskeiðum vorið 2015.

Þá voru undirbúin námskeið fyrir fulltrúa í skólanefndum og félagsmálanefndum sveitarfélaga og verða þau haldin víða um land á úthallandi vetri 2015.

Í húsakynnum sambandsins að Borgartúni 30 í Reykjavík eru nokkur fundarherbergi, sem eru vel nýtt til smærri funda á vegum sambandsins. Á árinu 2014 voru skráðir rúmlega 1.000 fundir í húsnaði sambandsins. Það eru um það bil fjórir fundir á dag hvern virkan dag ársins.

## Starfsmannamál

Sú breyting varð á starfsemi sambandsins á árinu 2014 að starfsmatsdeild sambandsins var lögð niður og samið við Reykjavíkurborg um að sinna starfsmatsmálum fyrir sambandið í umboði annarra sveitarfélaga. Störf starfsmatssérfræðinga sambandsins voru því lögð niður.

Guðrún A. Sigurðardóttir starfsmatssérfræðingur hætti störfum í upphafi árs, en Berglind Eva Ólafsdóttir, sem hafði gengt starfi starfsmatssérfræðings frá árinu 2001, færðist yfir á kjarasvið sem sérfræðingur í kjaramálum með áherslu á starfsmat.

Í desember voru starfsmenn á skrifstofu sambandsins í Borgartúni 30 alls 24 og einn að auki á skrifstofu sambandsins í Brussel.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur í gegnum árin átt miklu starfsmannaláni að fagna og sumir starfsmenn eiga langan starfsaldur hjá sambandinu. Af starfsmönnum sambandsins á sá starfsmaður sem á lengstan starfsaldur rúmlega 27 ára starfstíma hjá sambandinu og næsti starfsmaður er með rúmlega 23 ára starfsaldur.

Starfsemi Starfsmannafélags sambandsins var þróttmikil á árinu 2014 og voru ýmsir viðburðir og skemmtanir í

*Síðanefnd sambandsins kom saman til fyrsta fundar snemma árs 2014*



boði fyrir starfsmenn á árinu. Má þar nefna velheppnaða heilsuviku, þar sem áhersla var lögð á hollan mat og hreyfingu. Hæst bar þó árshátíð starfsmannafélagsins í mars, en hún var að þessu sinni haldin í Skíðaskálanum í Hveradölum í Ölfusi.

## Starfsmenn sambandsins í desember 2014

### Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

### Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri  
Benedikt Þór Valsson hagfræðingur  
Berglind Eva Ólafsdóttir sérfræðingur  
Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur  
Sólveig B. Gunnarsdóttir lögfræðingur

### Lögfræði- og velferðarsvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri  
Gyða Hjartardóttir félagsþjónustufulltrúi  
Klara E. Finnbogadóttir sérfræðingur  
Lúðvík E. Gústafsson sérfræðingur  
Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi  
Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur  
Þóra Björg Jónsdóttir lögfræðingur

### Hag- og upplýsingasvið:

Gunnlaugur A. Júlíusson sviðsstjóri  
Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur  
Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur  
Valur Rafn Halldórsson sérfræðingur

### Rekstrar- og útgáfusvið:

Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri  
Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi  
Kolbrún Erna Magnúsdóttir skjalastjóri  
Ragnheiður Snorradóttir gjaldkeri  
Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari  
Þóra Helgadóttir, bókarari og launafulltrúi

### Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri  
Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður Brussel-  
skrifstofu sambandsins

*Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra kynnir skýrslu um kosningaþátttöku haustið 2014*



## Stjórn og nefndir í desember 2014

### Stjórn sambandsins:

Halldór Halldórsson formaður, Reykjavíkurborg  
Björk Vilhelmsdóttir, Reykjavíkurborg  
S. Björn Blöndal, Reykjavíkurborg  
Gunnar Axel Axelsson, Suðvesturkjördæmi  
Gunnar Einarsson, Suðvesturkjördæmi  
Halla Sigríður Steinólfsson varaform., Norðvesturkjördæmi  
Jónína Erna Arnardóttir, Norðvesturkjördæmi  
Eiríkur Björgvinsson, Norðausturkjördæmi  
Gunnhildur Ingvarsdóttir, Norðausturkjördæmi  
Aldís Hafsteinsdóttir, Suðurkjördæmi  
Ísólfr Gylfi Pálmason, Suðurkjördæmi

### Kjaramálanefnd:

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri, Hveragerðisbæ  
Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstj., Akureyrarkaupstað  
Gunnar Jónsson bæjarritari, Fjarðabyggð  
Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Mosfellsbæ  
Ragnhildur Ísaksdóttir stmstj., Reykjavíkurborg

### Félagsþjónustunefnd:

Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri, Akureyrarkaupstað  
Gunnar Þorgeirsson oddviti, Grímsnes- og Grafningshreppi  
Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, formaður félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga  
Rannveig Einarsson sviðsstjóri, Hafnarfjarðarkaupstað  
Stefán Eiríksson sviðsstjóri, Reykjavíkurborg

### Skipulagsmálanefnd:

Elín R. Línadal sveitarstjórarmaður, Húnaþingi vestra,  
Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri, Skaftárhreppi  
Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi, Reykjavíkurborg  
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH  
Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri, Akureyrarkaupstað

### Skólamálanefnd:

Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi, Fljótsdalshéraði  
Karl Frímannsson sveitarstjóri, Eyjafjarðarsveit  
Kolfinna Jóhannesdóttir sveitarstjóri, Borgarbyggð  
Margrét Halldórsdóttir forstöðumaður, Ísafjarðarbæ  
Skúli Helgason borgarfulltrúi, Reykjavíkurborg


### Siðanefnd:

Sigurður Kristinnsson formaður  
Erling Ásgeirsson varaformaður  
Anna Guðrún Björnsdóttir

## Skrafað á fjármálaráðstefnu 2014











**Ársreikningur  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
2014**





## Skýrsla og áritun stjórnenda

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Öll sveitarfélögin, 74 að tölu, eru aðilar að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 464,5 m.kr. á árinu 2014 en rekstrargjöld 446,5 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 18,0 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 19,4 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 312,1 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld vegna stjórnar, nefnda og ráða 25,3 m.kr. Ársverk starfsmanna voru 25,1.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2014 nema 197,2 m.kr. en skuldir námu 30,8 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 166,3 m.kr. í árslok 2014.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2014 er gefinn út hinn 28. janúar 2015 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn sambandsins.

Reykjavík 28. janúar 2015.



Framkvæmdastjóri:




Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík 27. febrúar 2015.

Stjórn:



## Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits sambandsins sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlitsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Staðfesting vegna skýrslu stjórnar



Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 27. febrúar 2015.

KPMG ehf.  


Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2014 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 23. febrúar 2015.



## Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014	Ársreikningur 2013
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....		344.420.994	328.200.000	309.625.030
Framlag Bakhjarls sambandsins.....		0	3.500.000	0
Seldar vörur og þjónusta.....		99.212.478	90.207.000	85.322.240
Aðrar tekjur.....		20.896.175	20.750.000	21.889.579
	11	<u>464.529.647</u>	<u>442.657.000</u>	<u>416.836.849</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Laun og launatengd gjöld.....	12	<u>312.105.938</u>	<u>294.580.000</u>	<u>284.316.872</u>
Annar rekstrarkostnaður.....	13	<u>132.202.734</u>	<u>144.539.000</u>	<u>117.025.165</u>
Afskriftir.....	15	<u>2.176.493</u>	<u>2.176.000</u>	<u>2.176.493</u>
		<u>446.485.165</u>	<u>441.295.000</u>	<u>403.518.530</u>
Rekstrarafkoma ársins.....		<u>18.044.482</u>	<u>1.362.000</u>	<u>13.318.319</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>				
Vaxtatekjur.....		<u>621.191</u>	<u>880.000</u>	<u>1.701.948</u>
Vaxtagjöld.....		<u>( 28.899 )</u>	<u>( 5.000 )</u>	<u>( 31.608 )</u>
Hækkun sjóða í fjárvörslu.....	16	<u>789.975</u>	<u>0</u>	<u>21.014</u>
		<u>1.382.267</u>	<u>875.000</u>	<u>1.691.354</u>
<b>Afkoma ársins.....</b>	<b>18, 22</b>	<u>19.426.749</u>	<u>2.237.000</u>	<u>15.009.673</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2014

### Eignir

	Skýr.	2014	2013
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.....	6, 15	87.576.848	89.753.341
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum.....	7	120.711	120.711
Fjárvörslureikningur.....	8, 16	661.950	2.123.156
		782.661	2.243.867
	Fastafjármunir samtals	88.359.509	91.997.208
<b>Veltufjármunir:</b>			
Óinnheimtar tekjur.....	17	13.920.182	20.492.590
Ýmsar skammtímaskuldir.....	17	35.331.275	24.118.971
Handbært fé.....	9	59.557.102	26.745.009
	Veltufjármunir samtals	108.808.559	71.356.570
	<b>Eignir samtals</b>	<b>197.168.068</b>	<b>163.353.778</b>

### Eigið fé og skuldir

<b>Eigið fé:</b>			
Eiginfjárreikningur.....	18	166.345.088	146.918.339
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir.....		16.090.210	2.479.338
Aðrar skammtímaskuldir.....		14.732.770	13.956.101
		30.822.980	16.435.439
	Skuldir samtals	30.822.980	16.435.439

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2014

	Skýr.	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014	Ársreikningur 2013
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>				
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi.....	18	19.426.749	2.237.000	15.009.673
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....	15	2.176.493	2.176.000	2.176.493
(Hækkun) sjóða í fjárvörslu.....	16	( 789.975 )	0	( 21.014 )
Veltufé frá rekstri		<u>20.813.267</u>	<u>4.413.000</u>	<u>17.165.152</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur (hækkun), lækkun.....		<u>( 4.639.896 )</u>	<u>1.031.615</u>	<u>( 12.063.911 )</u>
Skammtímaskuldir hækkun, (lækkun) .....		<u>14.387.541</u>	<u>( 464.669 )</u>	<u>( 1.352.751 )</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>9.747.645</u>	<u>566.946</u>	<u>( 13.416.662 )</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>30.560.912</u>	<u>4.979.946</u>	<u>3.748.490</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>				
Innleyst sjóðsbréf.....	16	<u>2.251.181</u>	<u>0</u>	<u>833.820</u>
Framlag til Bakhjarls sambandsins .....	2	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>( 45.000.000 )</u>
		<u>2.251.181</u>	<u>0</u>	<u>( 44.166.180 )</u>
<b>Hækkun, (lækkun) á handbæru fé.....</b>		<u>32.812.093</u>	<u>4.979.946</u>	<u>( 40.417.690 )</u>
<b>Handbært fé í årsbyrjun.....</b>		<u>26.745.009</u>	<u>26.745.009</u>	<u>67.162.699</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>59.557.102</u>	<u>31.724.955</u>	<u>26.745.009</u>



## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### *Grundvöllur reikningsskilanna*

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2014, en lífeyrisskuldbindingar sambandsins eru færðar í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn.
- 3 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30.

Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 14 í ársreikningnum. Til gjalda í rekstri er færð hlutdeild sambandsins í rekstri húsnæðis, en hlutdeild samstarfsstofnana í öðrum rekstrarkostnaði er færð meðal tekna.

#### *Innlausn tekna*

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,70% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,70% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

#### *Færsla gjalda*

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

#### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign..... 50 ár

Kostnaður vegna endurnýjunar á skrifstofubúnaði er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

#### *Eignarhlutir í félögum*

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til árslok 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutafé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.

#### *Fjárvörslureikningur*

- 8 Fjárvörslureikningur í fjármálastofnun er færður til eignar í efnahagsreikningi samkvæmt markaðsvirði í árslok.

#### *Handbært fé*

- 9 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### *Fjárhagsáætlun*

- 10 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2014 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum.

## Skýringar frh.

### Rekstrartekjur

#### 11 Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014	Ársreikningur 2013
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	344.420.994	328.200.000	309.625.030
Framlag Bakhjarls til sambandsins.....	0	3.500.000	0
Seldar vörur og þjónusta:			
Sveitarfélög.....	56.892.411	49.305.000	50.545.444
Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld.....	16.134.270	14.649.000	9.474.700
Bækur, o.fl.....	2.298.691	2.522.000	2.448.424
Samstarfsstofnanir.....	23.887.106	23.731.000	22.853.672
	99.212.478	90.207.000	85.322.240
Aðrar tekjur:			
Ráðuneyti og ríkisstofnanir.....	2.745.628	2.750.000	3.250.000
Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	17.750.547	18.000.000	17.747.267
Styrkir og endurgreiðslur.....	400.000	0	892.312
	20.896.175	20.750.000	21.889.579
Rekstrartekjur samtals.....	464.529.647	442.657.000	416.836.849

### Starfsmannamál

#### 12 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014	Ársreikningur 2013
Laun.....	252.337.149	237.738.000	229.128.815
Launatengd gjöld.....	59.768.789	56.842.000	55.188.057
	312.105.938	294.580.000	284.316.872
Ársverk starfsmanna.....	25,1	25,0	25,5

### Annar rekstrarkostnaður

#### 13 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	Ársreikningur 2014	Fjárhagsáætlun 2014	Ársreikningur 2013
Vörukaup.....	28.566.535	28.874.000	33.124.352
Þjónustukaup.....	100.897.969	113.361.000	81.109.959
Skattar og opinber gjöld.....	2.045.085	2.071.000	2.175.817
Styrkir og framlög.....	693.145	233.000	615.038
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	132.202.734	144.539.000	117.025.166

## Skýringar frh.

### Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

- 14 Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 115,6 m.kr. á árinu 2014 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis.....	12.329.506	6.638.965	18.968.471
Annar sameiginlegur kostnaður.....	80.775.631	15.895.608	96.671.239
Samtals.....	93.105.137	22.534.573	115.639.710
Hlutfall.....	80,5%	19,5%	100%

### Varanlegir rekstrarfjármunir

- 15 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1. 2014.....	108.824.660
Afskrifað áður.....	( 19.071.319 )
Bókfært verð 1.1. 2014.....	89.753.341
Afskrifað á árinu.....	( 2.176.493 )
Bókfært verð 31.12. 2014.....	87.576.848
Stofnverð 31.12. 2014.....	108.824.660
Afskrifað samtals 31.12. 2014.....	( 21.247.812 )
Bókfært verð 31.12. 2014.....	87.576.848
Afskriftarhlutfall.....	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 120,7 m.kr. í árslok 2014.

Brunabótamat eignarhlutans nemur 140,9 m.kr. á sama tíma.

### Áhættufjármunir og langtímakröfur

- 16 Fjárvörslureikningur hjá Íslenskum verðbréfum hf. greinist þannig:

Eign 1.1.2014.....	2.123.156
Innleyst sjóðsbréf.....	( 2.251.181 )
Hækkun verðbréfaeignar.....	789.975
Eign 31.12.2014.....	661.950

### Skammtímakröfur

- 17 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 49,3 m.kr. í árslok 2014. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

### Eigið fé

- 18 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2014.....	146.918.339
Afkoma ársins.....	19.426.749
Eigið fé 31.12. 2014.....	166.345.088

## Skýringar frh.

### Lykiltölur

19	Helstu lykiltölur:	2014	2013
	Veltufjárlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum .....	3,53	4,34
	Eiginfjárlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni .....	84,4%	89,9%

### Kjarasvið - kjaramál

- 20 Á XXIV. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanevnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanevndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemdendum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs.

Sveitarfélögin endurgreiða sambandinu hluta af kostnaði við kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga.

	Ársreikningur 2014	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Starfsmat:			
Laun .....	7.659.202	3.281.000	15.321.142
Launategd gjöld .....	1.858.660	797.000	3.715.901
Vörukaup .....	11.806	0	589.547
Þjónustukaup .....	11.462.735	18.327.000	5.018.846
Samtals kostnaður .....	20.992.403	22.405.000	24.645.436
Endurgreiðslur sveitarfélaga .....	( 20.992.403 )	( 22.405.000 )	( 24.645.436 )
Samtals .....	0	0	0
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs .....	30.000.004	21.000.000	20.000.004
Endurgreiðslur sveitarfélaga .....	( 30.000.004 )	( 21.000.000 )	( 20.000.004 )
Samtals .....	0	0	0

- 21 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:

	Ársreikningur 2014	Áætlun 2014	Ársreikningur 2013
Staða í ársbyrjun .....	19.963.604	19.963.604	13.721.602
Starfsmat, sbr. skýringu 20 .....	20.992.403	22.405.000	24.645.436
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 20 .....	30.000.004	21.000.000	20.000.004
Reikningsfært á sveitarfélög á árinu .....	( 39.654.684 )	( 39.555.000 )	( 38.403.438 )
Staða í árslok .....	31.301.327	23.813.604	19.963.604



## Skýringar frh.

## Sundurliðun rekstrarreiknings

22 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
<b>Sameiginlegar tekjur</b>				
Framlag jöfnunarsjóðs .....	0	344.421	( 344.421 )	( 328.200 )
Framlag Bakhjarls sambandsins.....	0	0	0	( 3.500 )
Samtals	0	344.421	( 344.421 )	( 331.700 )
<b>Yfirstjórn</b>				
Landsþing .....	11.034	3.534	7.501	7.600
Sambandsstjórn .....	24.875	0	24.875	26.640
Siðanefnd.....	476	0	476	1.523
Endurskoðun og reikningsskil.....	1.153	0	1.153	1.430
Aðrar nefndir og sérverkefni.....	9.867	0	9.867	10.865
Innlent samstarf.....	1.369	0	1.369	1.303
Norrænt samstarf.....	1.092	0	1.092	1.027
Fulltrúaráð CEMR.....	1.119	0	1.119	919
Sveitastjórnarvettvangur EFTA.....	1.086	0	1.086	1.143
Annað erlent samstarf.....	392	0	392	757
Samtals	52.462	3.534	48.929	53.207
<b>Rekstrar- og útgáfusvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins .....	100.147	19.371	80.776	82.450
Samtals	100.147	19.371	80.776	82.450
<b>Hag- og upplýsingasvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins .....	46.796	1.980	44.816	44.346
Upplýsingaveita sveitarfélaga.....	1.150	0	1.150	1.655
Skólavogin.....	12	0	12	312
Samtals	47.958	1.980	45.978	46.313
<b>Kjarasvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins .....	69.939	30.000	39.939	35.122
Starfsmat.....	20.992	20.992	0	0
Kjaramálanefnd.....	210	0	210	788
Samtals	91.141	50.992	40.148	35.910
<b>Þróunar- og alþjóðasvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins .....	16.637	0	16.637	16.832
Brussel-skrifstofa.....	18.100	17.751	350	854
Samtals	34.737	17.751	16.986	17.686

## Skýringar frh.

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
<b>22 Lögfræði- og velferðarsvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins .....	69.528	2.936	66.592	67.608
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum...	12.323	8.646	3.678	3.943
Félagsþjónustunefnd .....	348	0	348	802
Skipulagsmálanefnd .....	770	0	770	973
Skólamálanefnd.....	1.123	0	1.123	1.243
Samtals	84.093	11.581	72.511	74.569
<b>Ráðstefnur og námskeið</b>				
Ráðstefnur.....	7.184	8.936	( 1.752 )	0
Námskeið.....	4.544	3.665	880	0
Samtals	11.728	12.601	( 872 )	0
<b>Útgáfu- og kynningarmál</b>				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál.....	3.257	0	3.257	3.375
Árbók sveitarfélaga .....	1.437	1.737	( 300 )	( 513 )
Rit til endursölu.....	1.076	562	515	454
Upplýsingavefur sambandsins.....	3.302	0	3.302	3.478
Önnur fræðslu- og kynningarrit.....	378	0	378	500
Samtals	9.450	2.299	7.151	7.294
<b>Hlutdeild í rekstri húsnæðis</b>				
Borgartún 30.....	18.968	0	18.968	15.997
Hlutdeild samstarfsstofnana.....	( 6.639 )	0	( 6.639 )	( 5.599 )
Samtals	12.330	0	12.330	10.398
<b>Sameiginlegur kostnaður</b>				
Afskriftir .....	2.176	0	2.176	2.176
Staðgr. fjármagnstekjuskattur.....	124	0	124	180
Þjónustugjöld banka.....	140	0	140	155
Samtals	2.441	0	2.441	2.511
<b>Alls rekstur</b>	446.485	464.530	( 18.044 )	( 1.362 )
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm. ....	0	621	( 621 )	( 880 )
Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk...	29	0	29	5
Breytingar á fjárvörslureikningum....	0	790	( 790 )	0
Samtals	29	1.411	( 1.382 )	( 875 )
<b>Alls</b>	446.514	465.941	( 19.427 )	( 2.237 )

